

Háskólinn á Akureyri  
Kennarabraut  
Haust 2008



Hnífar eru drjúgir til afþreyingar

Guðrún H. Bjarnadóttir  
Lokaverkefni í kennaradeild

Háskólinn á Akureyri  
Kennarabraut  
Haust 2008

## Hnífar eru drjúgir til afþreyingar

Guðrún H. Bjarnadóttir  
Leiðsögukennari: Kristín Aðalsteinsdóttir  
Lokaverkefni 90 eininga B.ed.-prófs í kennaradeild

## Yfirlýsing

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Undirskrift höfundar

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.ed-prófs í kennaradeild.

---

Undirskrift leiðsögu kennara

## Útdráttur

Í þessu verki fjalla ég um sögu handverksins og hvernig heimilisiðnaðurinn hefur verið einn meginþátturinn í lífi fyrri kynslóða. Ég greini frá viðbrögðum fólks við vélvæðingu nágrennalandanna þegar því fannst verkkunnátta fyrri kynslóða vera að glatast. Ég færi rök fyrir því hversu mikilvægt er að viðhalda verkkunnáttunni með því að kenna menningartengdan heimilisiðnað í félags- og skólastarfi, þar sem nemendur læra um menningu þjóðar í gegnum samspil hugar og handa, samhliða öðrum námsgreinum. Með auknum skilningi verði námið bæði auðveldara og áhugaverðara og því minni hættu á að tengslin við ræturnar rofni.

Ég bendi á ofangreindu til stuðnings að í gegnum tíðina hafi í Aðalnámskrá Grunnskóla verið sagt að færni og skilningur sé undirstaða allrar verkmenningar í sérhæfðu nútímasamfélagi og að þráðarmenningin hvíli á árbúsundaþróun og rótgrónum hefðum. Af þessu má ætla að handverkskennsla sé ekki lakari undirbúningur undir lífið en önnur fög þó hún sé samt sem áður almennt kölluð aukanámsgrein. Jafnframt segir í aðalnámskránni að textílmennt sé uppspretta gleði og lífsfyllingar fyrir einstaklinginn. Við sjáum að gripið hefur verið til handverksins sem úrræðis þegar allt annað bregst. Ég tel að ef þjóðin leggði meiri áherslu á að rækta og viðhalda sköpunarkrafti heimilisiðnaðarins og vaknaði til vitundar um heilunarmátt þess að geta búið sér til nytjamuni að eigin óskum yrði handverkið metið til jafns við aðrar námsgreinar.

Loks skoðaði ég það sem Svíar hafa haft fram að færa á þessu sviði, hvernig þeir hafa nýtt sér heimilisiðnaðinn, annars vegar sem eðlilegan og nauðsynlegan þátt í að viðhalda sinni þjóðarmenningu og hins vegar sem tómstundir fyrir börn og unglinga.

## Summary

In my thesis I researched the history of our traditional arts and crafts and the importance that the development of domestic crafts made to the lives of past generations. I analysed the affects new technology, had on people in the neighbouring countries, and their concern that the old ways were being lost. I have explained the importance of keeping alive the traditional ways by teaching the cultural context of domestic industry in schools and in the community, by educating students about our national heritage by teaching the importance of integrating arts and crafts with academic subjects. With increased knowledge the learning becomes easier and more enjoyable and thus our understanding of the old ways is less likely to be lost.

I have pointed out that in the Curriculum document for Primary Schools, textile education is considered the source of happiness and fulfilment for the individual, that accomplishment and understanding are the foundation of all work culture in a developed modern society, and that the continuity of culture is supported over thousands of years of development and solid traditions. This would therefore suggest that the teaching of arts and crafts is not an inferior preparation for life compared to other subjects, although it is generally considered to be only a vocational subject. Indeed, a good example of this can be seen in how people have turned to the art of making things when conditions are difficult. I believe that if the Icelandic nation put more empathises on nurturing and encouraging the creative power of peoples' traditional domestic crafts, and by acknowledging the healing powers people will benefit by being able to create something of use and of their choosing, then arts and crafts would be appreciated on the same level as other vocational or academic subjects. In short, I believe that traditional crafts contain important lessons for us all in our development.

Finally, I have researched how the Swedes have dealt with these issues; how they have on one hand developed their traditional domestic crafts as a natural and necessary part of maintaining their culture and on the other hand how they have being beneficial for children and young people in their development and as a hobby.

## **Þakkarorð**

Ég þakka leiðsögu kennara mínum, Kristínu Aðalsteinsdóttur, fyrir aðstoð við frágang og yfirlestur ritgerðarinnar.

Ég þakka tengdadætrum mínum, Hildi Njarðvík og Katrínu Þrastardóttur, fyrir yfirlestur og góð ráð og mákonu Erlu Kiernan, fyrir aðstoð við þýðingu.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Er heimilisiðnaðurinn þjóðfélagslega hagkvæmur?.....	3
Heimilisiðnaður, handíðir, handverk, nytjalist, listhandverk, hönnun.....	4
Hnífar eru drjúgir til afþreyingar.....	9
Að læra fyrir lífið.....	12
Hraði og mötun.....	15
Handverkið elur sköpunina.....	17
Listin sagði skilið við handverkið.....	18
Hvenær er list list?.....	20
Menningararfurinn.....	22
Baðstofustemming nútímans - líknar- og áfallahjálpi.....	26
Fyrirbyggjandi starfsemi.....	28
Það blómstur gæti eins orðið að stórum skógi.....	30
Niðurlag.....	34
Heimildaskrá .....	36

## Inngangur

Íslenskir skólar búa nemendur undir lífið og leggja áherslu á það sem talið er mikilvægast hverju sinni. Frá upphafi hefur aðaláherslan verið á bóklegar greinar. Verkmenntun, íþróttir og listgreinar hafa gjarnan fengið þann stimpil að vera skemmtifög og þar af leiðandi minna virði, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið bent á mikilvægi þeirra til að bæta lífsgæði og almenna hæfni.

Í Aðalnámskrá Grunnskóla,<sup>1</sup> segir að textílmennt sé uppspretta gleði og lífsfyllingar fyrir einstaklinginn. Færni og skilningur sé undirstaða í allri verkmenningu í sérhæfðu nútímasamfélagi og að þráðarmenningin hvíli á árþúsundaþróun og rótgrónum hefðum. Verkmenningararfurinn feli ekki aðeins í sér tækni og aðferðir heldur einnig fagurfræði sem er tungumál manngerðs umhverfis. Þarna er ákveðið bent á mikilvægi þess að viðhalda þekkingu og að það beri að skila henni áfram til komandi kynslóða. Auk þess er vakin athygli á nauðsyn þess að færa íslenska menningu milli kynslóða svo hún glattist ekki því hún sé þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar og þeirri ímynd sem einkenni íslenska menningu. Af þessu má ætla að handverkskennsla sé ekki lakari undirbúningur undir lífið en önnur fög þó hún sé samt sem áður almennt kölluð aukanámsgrein.

Ég hef sjálf notið þess að stunda og kenna heimilisiðnað í mörg ár en hef orðið ápreifanlega vör við að hæfni nemenda í handverki hefur hrakað gríðarlega meðal þjóðarinnar og um leið skilningur og áhugi á þjóðlegum arfi frá því er ég var í barnaskóla. Ég, eins og öll mín kynslóð, er alin upp í heimgærdum fötum. Ég saumaði og þrjónaði flíkur á syni mína þar til þeir mótmæltu. Þeir vildu vera eins klæddir og önnur börn. Ég flutti til Svíþjóðar á áttunda áratugnum og bjó þar í 9 ár. Þar hélt ég áfram að þrjóna og sauma, lærði vefnað og fór á öll þau handverksnámskeið er mér buðust. Þá kynntist ég því hvernig Svíar meta sinn heimilisiðnað. Svíarnir vinna enn með hráefni og hugmyndir sem verða til í nágrenninu. Þeir spinna úr ullinni og tálga úr ferskum trjágreinum. Þekkingin á hráefninu erfist milli kynslóða. Ríkið leggur mikla áherslu á að viðhalda þessum þjóðararfi. Þarna öðlaðist ég það öryggi sem ég svo sannarlega þurfti á að halda er ég fluttist aftur heim og byrjaði sem nemandi í Myndlistaskólanum á Akureyri. Þegar ég talaði um að við Íslendingar þyrftum að huga betur að heimilisiðnaðinum okkar þá leit fólk kurteislega undan og þóttist ekki heyra ósköpin.

---

<sup>1</sup> Aðalnámskrá Grunnskóla, 1999:33



Fólk sagði framfarir nauðsynlegar og það þýddi ekkert að hanga í þjóðlegri fortíðinni. Á seinustu árum hefur auk þess allt snúist um hagkvæmni og hagnað.

Ég lít svo á að handverkskunnátta auðveldi fólki lífið ef það hefur ætíð eitthvað áhugavert fyrir stafni. Við sjáum hvernig gripið er til handverksins sem neyðarúrræðis þegar allt annað bregst. Ég tel að ef þjóðin leggði meiri áherslu á að rækta og viðhalda sköpunarkrafti heimilisiðnaðarins og vaknaði til vitundar um heilunarmátt þess að geta búið sér til nytjamuni að eigin óskum yrði handverkið metið til jafns við aðrar námsgreinar. Þannig tel ég að heimilisiðnaðurinn hafi uppeldisfræðilegt gildi

Í þessu verki mun ég skoða sögu handverksins og hvernig heimilisiðnaðurinn hefur verið einn megin þátturinn í lífi fyrri kynslóða. Ég mun fjalla um viðbrögð fólks við vélvæðingu nágrannalandanna þegar þeim fannst verkkunnátta fyrri kynslóða vera að glatast. Ég færi rök fyrir því hversu mikilvægt er að viðhalda verkkunnáttunni með því að kenna menningartengdan heimilisiðnað í félags- og skólastarfi, þar sem nemendur læra um menningu þjóðarinnar í gegnum samspil hugar og handa samhliða öðrum námsgreinum. Ég vonast til að geta sýnt fram á nauðsyn þess að auka skilning á mikilvægi handverksins. Með auknum skilningi verði námið bæði auðveldara og áhugaverðara og því minni hættu á að tengslin við ræturnar rofni.

Einnig mun ég skoða það sem Svíar hafa haft fram að færa á þessu sviði, hvernig þeir hafa annars vegar nýtt sér heimilisiðnaðinn sem eðlilegan og nauðsynlegan þátt í viðhalda sinni þjóðarmenningu og hins vegar sem úrræði fyrir börn og unglínga sem hafa ekki endilega öll áhuga á keppnisíþróttum.

## **Er heimilisiðnaðurinn þjóðfélagslega hagkvæmur?**

Sköpunin er ein af grunnþörfum manneskjunnar og sú tilfinning að geta bjargað sér er nauðsynleg hverjum einstaklingi. Það að geta skapað eitthvað sem mann vanhagar um eða lagað það sem hefur farið úrskaiðis veitir öryggis- og lífsfyllingu, tilfinningin að vera öðrum háður minnkar og um leið styrkist félagslegi þátturinn. Maður bjargar því sem bjarga þarf bara sjálfur, fyrir sjálfan sig og jafnvel aðra. Með því að móta efnið að eigin hugmyndum og óskum getur manneskjan haft áhrif á umhverfi sitt. Við þurfum ekki að lifa í fyrirfram ákveðinni veröld þar sem við getum að miklu leyti skapað hana sjálf með því að framkvæma hugmyndir okkar. Þetta er hæfni sem er jafn einstök fyrir manneskjuna og

tungumálið, mikilvægur þáttur í þróun lífs okkar og menningar. Engar aðrar lífverur hafa þessa eiginleika.

Kynslóðir hafa þróað tækni og öðlast reynslu af því að vinna úr því hráefni, og lært að þekkja eiginleika þess, sem varð megin grundvöllur að menningu okkar. En vegna tæknibyltingar á seinustu öld hafa hinir almennu nytjahlutir þróast frá hendinni yfir í það að eigandinn getur ekki lengur búið þá til sjálfur né lagað ef þörf er á. Þetta hefur orðið til þess að möguleikinn á því að manneskjan skapi umhverfi sitt hverfur og þar með vellíðanin og öryggið. Hún verður fullkomlega háð samfélaginu og þeim tiskusveiflum sem það ákveður. Um leið og nýtt kemur inn þá er hinu gamla sleppt og metið sem lakari kostur, sem úrelt. Þekking um uppruna efnis og hluta er ekki lengur til staðar og hlutirnir verða innihaldslausir og geta neytandans til að leggja mat á gæði þeirra hverfur. Kaupandinn gerir sér ekki lengur grein fyrir að verðið á vörinni er ekki endilega heiðarlegt mat á virði hennar, því hann hefur ekki lært neitt um efni og aðferð. Neytandinn verður að treysta því að það sem sagt er um vöruna, til dæmis í auglýsingum, sé hið sanna. Þó að verksmiðjuframleiðslan sé byggð á hinni fornu visku, þá er hún ekki lengur í vitund almennings.

Af hverju er þá enn litið á handverkið sem aukafag? Ef mikilvægi þess er ekki dregið í efa í Aðalnámskránni hvers vegna kunna börn ekki handverkið þegar þau útskrifast úr grunnskóla? Hér áður fyrr var handavinna stúlkna, nú nefnd textíll, í sama flokki og handavinna drengja þ.e. smíðarnar. En í Aðalnámskránni er textíllinn nú talinn vera ein af listgreininum en smíðarnar eru taldar til upplýsinga- og tæknimenntagreina. Þetta er nokkuð sem mér finnst vera röng þróun, þar sem ég tel þessar greinar vera af sama meiði og einungis unnið með mismunandi efni.

## **Heimilisiðnaður, handíðir, handverk, nytjalist, listhandverk, hönnun**

Á Íslandi, fyrr á öldum, eyddi fólk ekki tíma sínum hvert og eitt í sérherbergi með sjónvarp, tölvu, útvarp, ipod og síma, heldur voru kvöldvökur í baðstofu. Þá las fólk upphátt úr Biblíunni eða Íslendingasögunum til dægrastyttingar þeim er sátu á rúmum sínum og unnu heimilisiðnaðinn. Ákvæðisdagsverk vinnukonu var að þrjóna eitt par af sokkum eða vinna band í einn sokk og þrjóna hann. Þrjónarnir og garnið var mun finna en það sem almennt er notað í dag svo vinnan var mikil. Það gerðist sí svona, af sjálfu sér, að börnin lærðu af fullorðna fólkinu það sem það síslaði með, þar sem allir voru samankomnir í einni og sömu

baðstofunni. Í baðstofunni var unnið, matast og sofið. Þar skemmti fólk hvert öðru og þar urðu jafnvel börnin til. Börn fæddust í baðstofunni, gamla fólkið lá í kör og dó loks þar. Þetta var veruleiki flestra foreldra elstu kynslóðarinnar sem lifir á Íslandi í dag. Íslendingasögurnar voru þrautlesnar og flestir kunnu vel skil á þeim, en er fólk fór að lesa bækur eitt með sjálfu sér þá þótti það tímaeyðsla því „bókvitið var ekki í askana látið“, sem á nútíma máli þýðir: „Ætlar þú að hanga í tölvunni í allan dag“. Ótakmörkuð vinna beið allra, af nógu var að taka. Alltaf var gripið í heimilisiðnaðinn á milli annarra anna, jafnvel var þjónað á meðan gengið var á milli bæja. Eins og greinir í frásögn um smalakonu sem ég fann á blaði og skráði niður fyrir löngu:

„Á þessum hraunslóðum skeði sá atburður að ung kona þar í sveit gekk við ásauði og hóaði saman til kvía, hún hélt á þjónunum eins og venja var á tímum vinnuhörkunnar og hraðaði göngunni. Þessi kona var smalavön og kunnug hrauninu en í þetta sinn kunni hún fótum sínum ekki forráð og féll í hraungjótu. Ekki slasaðist hún í fallinu svo til бага væri en kom niður á fætunum og hélt á lesti og bandi. Hún reyndi af fremsta megni að róa hugsunina og hélt áfram að þjóna.“

Á 19. öld hóf vélvæðingin innreið sína og vinna handanna varð óþörf. Þessari breytingu tók fólk fegins hendi til að byrja með, þar til um aldamótin 1900 að einhverjir fóru að hafa áhyggjur af því að mikilvægur þáttur í menningu þjóðar væri að hverfa. Börnin lærðu ekki lengur handverk og meðferð efnis af foreldrum sínum, það sem þróast hafði kynslóð fram að kynslóð. Á Norðurlöndum voru stofnuð heimilisiðnaðarfélag og það þótti mikilvægt að bæta handavinnu við sem kennslugrein í barnaskólum landanna. Urðu Finnar fyrstir til en þeir byrjuðu með handavinnukennslu sem skyldufag í skólum landsins 1866.<sup>2</sup> Ísland fylgdi á eftir. Handavinnuskóli Thorvaldsensfélagsins var stofnaður árið 1877 og þar kenndu félagskonur stúlkum á aldrinum 7–14 ára að sauma og þjóna í sjálfböðavinnu. Þessi skóli var starfræktur allt til ársins 1904 er farið var að kenna handavinnu í barnaskólum.<sup>3</sup>

Húsmæðraskólar voru einnig stofnaðir fyrir ungar stúlkur. Þessi kunnátta nýttist vel þar sem flestar mæður unnu allan fatnað heima fyrir og skreyttu hús sín með vefnaði og útsaum og þóttu húsmæðraskólagengnar konur sérlega gott kvonfang.

Um hálfri öld áður höfðu efnahagslegar framfarir í Bretlandi alið af sér framleiðslu- og neysluhætti sem gjörbreyttu allri samfélagsgerðinni. Trúin á framfarirnar óx og boðberinn var borgarastéttin sem styrktist efnahagslega og var í fararbroddi í mótun siðferðilegra viðhorfa

<sup>2</sup> Thorbjörnsson, H. 1992:9

<sup>3</sup> <http://www.thorvaldsens.is/page.php?idlink=13> 21.11.08

og breytni. Enski listamaðurinn William Morris var alinn upp í þessu umhverfi en í skóla kynntist hann hugmyndum sem höfðu áhrif á lífstarf hans. Hann var stofnandi og stjórnandi Arts and Crafts umbótahreyfingar sem stefndi að því að verjast tjóninu sem iðnaðarvæðingin olli. Frá 1861 endurlífgaði hann gamlar handverksaðferðir í vinnustofunni sinni með það í huga að framleiða hágæða vöru svo sem efni, teppi, glermálun, húsgögn og nytjamuni.<sup>4</sup> Morris skapaði umbóta öldu sem seinna náði til Þýskalands og varð til þess að umbreyta þýskum skólum. Þróunin hafði þau áhrif að Belginn Henry van de Velde stofnaði Arts and Crafts skóla í Weimar 1907.<sup>5</sup> Van de Velde ruddi brautina fyrir Walter Gropius sem stofnaði Bauhaus 1919, skóla fyrir arkitektúr og hönnun.<sup>6</sup> Í blaðagrein Morgunblaðsins í tilefni af 100. ártíðar Williams Morris skrifar Bragi Ásgeirsson að Morris hafi stefnt að því að veita fólki aðgang að sjónrænum verðmætum með því að tengja það lífrænni sköpun í hönnun og listiðnaði.

Hann gerði sér ljósa grein fyrir því að samtíminn hvíldi á fortíðinni, sem væri svo aftur burðargrind nútímans, og loks eldsneyti og súrefni framtíðarinnar. Frá honum liggja þræðir til listamanna æskustílsins og Walter Gropiusar, frumkvöðuls Bauhaus, og þannig var allt starf hans samræða við fortíð, samtíð og framtíð, um leið stóð hann traustum fótum í sjálfu núinu.

Morris vildi gera fagurt handverk aðgengilegt fyrir almenning og hann gerði sér ljósa grein fyrir því að listin þyrfti greiðari aðgang til almennings í framtíðinni ættu hinir lítilsverðu fjöldaframleiddu munir iðnbyltingarinnar ekki að gera manninn að skynlausum óskapnaði. Þá vildi hann meina að efnishyggja og velferð væri af hinu illa ef andinn og skynsviðið yrðu undir. Almennungur átti að hafa greiðan aðgang að traustu handverki, listiðum og listum. Hann hafði áhyggjur af framtíðinni, er sljóvgaður einstaklingurinn yrði sviptur fegurðarkenndinni, sem er hið upprunalegasta í öllu dýraríkinu og sköpunarverkinu, en lífið hins vegar víkt tilbúnum þörfum, stöðluðum óhugnaði.

Vinnustofur voru settar upp til að leita nýrra leiða fyrir listsköpun í nútíma efni og aðferðir, þar á meðal málmvinnslu, prent, bókbönd, smíði, vefnað, freskur og myndmótun.<sup>7</sup>

En vinsældir Heimilisiðnaðarfélaganna og Húsmæðraskólanna fóru að dala snemma á seinni hluta 20. aldarinnar. Þá þótti ekki lengur fínt að vera í heimasamuðum fótum og það þótti hallærislegt að fara í húsmæðraskóla. Börn neituðu að ganga í bættum buxum sem þróaðist þó yfir í það, stuttu seinna, að það var flottast að kaupa þær bættar og sem snjádastar

<sup>4</sup> Sigrún Pálsdóttir, 10, (15.6.1996)

<sup>5</sup> [http://www.henry-van-de-velde.com/3/Architecture\\_by\\_van\\_de\\_Velde.htm](http://www.henry-van-de-velde.com/3/Architecture_by_van_de_Velde.htm) 30.11.2008

<sup>6</sup> <http://www.bauhaus-dessau.de/index.php?en> 30.11.2008

<sup>7</sup> Bragi Ásgeirsson, 38, (26.9.1996)

úr búð. Ungu húsmæðurnar hentu sængurfötunum með hekludu og harðangurs milliverkunum og keyptu sér straufrítt. Listaháskóli Íslands tók við af gamla Handíða- og myndlistaskólanum, sem í millitíðinni hafði breytst í Myndlista- og handíðaskólann og handverkinu var úthýst.

Það þótti ekki góður pappír árið 1988 að láta það vitnast að manni þætti heimilisiðnaður merkilegur, allra verst var ef áhuginn beindist að þjóðlegum heimilisiðnaði, lægra gat sú manneskja varla fallið í menningarlegum metorðastiga hjá þeim sem höfðu vit á því hvað lísraent var. Ég fann sterkt fyrir þessu þegar ég flutti frá Svíþjóð eftir níu ára dvöl þar, er ég innritaðist í Myndlistaskólann á Akureyri. Þau sem höfðu áhuga á þjóðlegu íslensku handverki voru aðfluttir erlendir borgarar eða fólk eins og ég, sem hafði dvalið langtímum erlendis. Norsku handverkskonurnar Lene Zachariasson og Beate Stormo og arabíski Frakkinn Philippe Ricard eru meðal þeirra fyrstu sem, á þeim tíma, sáu fegurðina í íslenska þjóðarhandverkinu og nýttu sér þá uppsprettu í sköpun sinni og undruðust blindu landsmanna.

Um þetta leyti þótti ástandið slæmt í sveitum Íslands, offramboð var á landbúnaðarvörum og ríkisvaldið hafði mælt með því að bændur færu yfir í ýmis konar loðdýrarækt, sem komin var í verulega lægð, þar sem ekki gekk heldur að losna við vöruna. Konur voru að flýja sveitirnar og við því varð að bregðast. Bændum var bent á að stunda ferðapjónustu, sem virtist ætla að ganga vel og þá kom einnig upp sú hugmynd að styrkja dreifbýliskonurnar til að framleiða handunna vöru til að selja útlendum ferðamönnum sem heimsóttu sveitir landsins. Var fjármagni dreift úr svo kölluðum Jóhönnusjóði til að hvetja þær til að hefjast handa. Stofnuð voru handverksfélög víða um land og opnaðir voru handverksmarkaðir á svæðum félaganna. En þar sem áhugi á handverksmenningunni hafði legið í dvala um árabíl, þá var ekki von á því að söluvaran yrði eftirsóknarverð og sannaði það mat tíðarandans á þessari iðju. Það var aldrei inni í myndinni að styrkja konur til náms í handverkinu, þess þurfti ekki því þetta hlaut að vera í eðli hvernar konu.

Áhugi vaknaði fyrir því að stofna dreifbýlissamtök handverksfólks og boðaði Louis Heide forsvarskona handverkshópsins „Frú Lára“ í Seyðisfirði fund í Hallormsstaðaskóla árið 1993. Á fundinum var valin nefnd til að ræða við Heimilisiðnaðarfélag Íslands í þeim tilgangi að athuga hvort félagið myndi ekki standa undir nafni og verða það sem reglur þess kveða á um, landsfélag sem stuðlar meðal annars að því að viðhalda og þróa íslenskan heimilisiðnað með fræðslu og markaðsvæðingu. Í stað þess var Handverk reynsluverkefni stofnað árið 1994 á vegum forsætisráðuneytis og starfaði það til loka árs 1996. Tilgangur þess var að efla handverksiðnað á landsvísu og þá með það að leiðarljósi að styðja við bakið á því fólki sem hafði það að markmiði að skapa sér tekjur og afkomu af handverki.

Handverksráðgjafar voru ráðnir og störfuðu í öllum landshlutum með það hlutverk að aðstoða handverksfólkið og safna upplýsingum um handverkið á landsvísu. Þessar upplýsingar átti síðan að verða eign Heimilisiðnaðarfélagsins en þegar reynsluverkefningin lauk var ákveðið að halda því áfram en undir nafninu Handverk og hönnun sem starfaði til 2006, en án ráðgjafa.

Þann 18. janúar 2007 ákvað handverksfólkið sjálft, sem komið hafði að verkefningunni, að halda því áfram undir sama nafni og með þeim markmiðum að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði. Að jafnframt átti að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.<sup>8</sup>

Elín Antonsdóttir atvinnumálafulltrúi, starfaði við að aðstoða og hvetja konur til að stofna handverkshópa á Norðurlandi í þeim tilgangi að byggja handverkið þar upp sem atvinnugrein. Árið 1992 skipulagði hún og stjórnaði Handverkshátíð í Eyjafjarðarsveit, sem hefur verið árlegur viðburður síðan í Hrafnagilsskólanum. Nokkru síðar tók Eyjafjarðarsveit yfir sýninguna og var ég þá meðal annars fengin til að vera í sýningarstjórn um tíma auk þess sem ég sá um námskeið á vegum hátíðarinnar en þá fékk ég kennara frá Svíþjóð til að kenna samnorrænt handverk með íslenska heimilisiðnaðararfinn í huga. Það var gert í þeim tilgangi að auðvelda dreifbýlisfólki að nálgast gæðanámskeið til að bæta við kunnáttu sína.

Heimilisiðnaðarfélagið þróaði í gegnum niðursveifluna, en á seinustu árum virðist áhugi vera að glæðast, því aðsókn á námskeið Heimilisiðnaðarskólans hefur aukist. Sem dæmi má nefna að áhugi á að eignast 19. aldar þjóðbúning hefur kallað á ýmskonar námskeið er tengjast honum. Einnig hefur sá mikli áhugi sem vaknað hefur á víkinga- og miðaldamenningu í Evrópu borist hingað og valdið því að víða um land hafa myndast hópar sem hafa komið sér upp klæðnaði þess tíma. Þeir hafa tekið þátt í viðburðum sem settir hafa verið á svið fyrir ferðamenn, svo sem starfsdögum í Laufási, Víkingahátíðinni í Hafnafirði og Markaðnum að Gásum. Til að vera liðtækur í þessum leik þarf fólk að kunna til þeirra verka sem tíðkuðust á þessum tíma. Hefur áhugi á fornu handverki farið vaxandi í tenglum við það. Laufáshópurinn var stofnaður í tengslum við starfsdagana á Laufási en í honum er fólk sem hefur áhuga á því að viðhalda þekkingu á þjóðháttum landsins. Þar er aðallega unnið út frá tímabilinu þegar Laufásbærinn var síðast í byggð eða um aldamótin 1900 og miðöldum, seinni hluta þess tíma er kaupstaður var á Gásum við Eyjafjörð.

---

<sup>8</sup> [http://www.handverkoghonnun.is/default.asp?sid\\_id=18194&tre\\_rod=001%7C002%7C006%7C&tId=1](http://www.handverkoghonnun.is/default.asp?sid_id=18194&tre_rod=001%7C002%7C006%7C&tId=1)

13.11.2008

## Hnífar eru drjúgir til afþreyingar

Hvað var það sem olli því að fólk leit ekki á handverkið sem menningararf sem ætti að varðveita? Var það vegna þess að hann tengdist minningunni um vinnuálag við erfiðar aðstæður?

Við lestur kafla bókarinnar *Bernskunnar* sem ber heitið *Á misjöfnu þrífast börnin best* er sagt frá uppeldi barna og atlæti. Þar kemur fram að þó allur almenningur ætti að vera talinn kristinn og iðka mannkærleika þá hafi það verið, að einhverju leyti, almennt viðhorf að harkalegt uppeldi barna væri þeim fyrir bestu. Þetta endurspeglast í máltækinu „Berja skal barn til batnaðar“ þó annað máltæki segi að „Blessun vex með barni hverju.“ Fátækir foreldrar urðu þó að láta frá sér börn sín sem urðu niðursetningar ríkari bænda. Eru margar frásagnir til sem lýsa slæmri meðferð á börnum.

Allt daglegt líf var háð venjum og mátti hvergi út af þeim bregða, ógætilegt bros eða gæluorð við hund var truflun á einhverju sem ég aldrei skildi, það þótti heimskra háttur að hlæja upphátt, söngur var merki um kæruleysi við vinnuna, orð sem fóru á milli þessa fólks voru köld, þar virtist enginn geisli komast að. Á þessum bæ leið mér illa öllum stundum.<sup>9</sup>

Svo segir Tryggvi Emilson frá í endurminningum sínum er hann lýsir því hvernig hið íslenska þunglyndi hefur læst klóm sínum um heimilið sem honum var komið fyrir á 9 ára gömlum. Óskiljanlegt er hve þrautsetin þessi vanahugsun er að auðsýnd hamingja sé dæmi um kæruleysi og heimsku. Enn í dag eymir af þessu, fólk segir með alvörufefnum þunga að það sé að vinna, en ekki að skemmta sér. Þannig er það algerlega sannfært um að sá sem hefur ánægju af vinnunni hljóti að vera auðnuleysingi. En auðvitað var þetta ekki algilt, sem betur fer var bjart yfir öðrum og þrátt fyrir mikla vinnu og það sem nútíminn kallar algeran skort, leið mörgum vel með sér og öðrum.

Í bókinni *Horfnir starfshættir* segist Guðmundur Þorsteinsson hafa verið sendur að heiman 8 ára gamall til að sitja yfir ám hjá bónda sem falaðist eftir honum vorið 1910. Hann segir:

---

<sup>9</sup> Símon Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir, 1990:12,

Einveran sem mörgum smalanum þótti einna verst, var mér engin grýla, ég gaf gaum jurtum, fuglum og mörgu fleira, en hnífurinn minn og hundurinn ágæti og skynsami voru mér drýgstir til afþreyingar.<sup>10</sup>

Hann heldur áfram frásögninni um smalamennskuna og því sem henni tengdist, svo sem að börn hafi öðlast fjölbreytta starfsþjálfum fyrir huga og hönd en nefnir ekki hnífinn frekar.

Fyrst þú ert komin á fjórða ár  
fara áttu á vinna.  
Það er að læra listir þrjár  
lesa, þrjóna, spinna.

Þetta er gamall húsgangur sem sýnir að mikilvægt var talið að kenna börnum það sem mestu máli skipti. Þetta þætti þó ekki nægjanlegt í dag þar sem allt snýst um útreikning á hagnaði og tapi.

En fyrir tíma vélvæðingarinnar hefur almenningur varla komist yfir nauðsynleg störf er sinna þurfti daglega á hverju heimili af börnum sem fullorðnum. Börnin höfðu starf heimilisfólkins sem fyrirmynd í leik og starfi, það kom af sjálfu sér að þau lærðu að starfa allt sem gert var í þeirra nánasta umhverfi. Það er annað en í nútímasamfélagi þar sem flestir foreldrar starfa fjarri börnum sínum og þau fá ekki þá fyrirmynd sem börn höfðu áður. Þau fylgjast ekki lengur með foreldrum sínum, í ró og næði, við vinnu skapandi starfa, svo sem smíðar, saumaskap, matargerð, bakstur og aðra þá iðju sem unnin var heima við og börn tóku upp í leik sínum og breyttu í ævintýri.

Halldóra Bjarnadóttir var ein þeirra sem lét til sín taka í uppeldis- og menntamálum í byrjun 20. aldar. Hún stundaði kennaranám í Noregi og vann þar um árabil sem kennari á þeim tíma sem heimilisiðnaðarfélögin á Norðurlöndunum voru stofnuð. Hún skrifar um framtíð heimilisiðnaðarins á Íslandi árið 1919, þar sem hún segir frá þeim áhyggjum sem sumir hafi af því að stóriðnaðurinn sé að útrýma heimilisiðnaðinum. En hún vill meina að vélaiðnaðurinn þurfi ekki gera heimilisiðnaðinn óþarfan heldur muni hann styðja hann.

Eins og hér hagar til um strjálbyggð og erfiðar samgöngur, er landið fyrirtaksvel fallið til heimilisiðnaðar, enda á hann sér svo djúpar rætur í huga og hjarta þjóðarinnar, að ekki er hætt við, að hún afneiti svo sjálfri sér, að hann leggist niður, til þess er þjóðin of listelsk og fjölhæf í eðli sínu. Enda væri það hrópleg synd að láta hinn einkennilega

---

<sup>10</sup> Guðmundur Þorsteinsson 1990:13



og fagra íslenska heimilisiðnað niður falla, því hann er ein af lífæðum þjóðarinnar; týnir þjóðin heimilisiðnaði sínum, týnir hún um leið að nokkru leyti sjálfri sér, hann er einn liðurinn í þjóðerni okkar, óvirðum við hann eða metum hann einskis, er það sama sem við virðum að vettugi tungu vora eða bókmenntir.<sup>11</sup>

Á þessum tíma hafði fólk áhyggjur af þróuninni, hvernig handverkskunnáttan fór dvínandi. Það var ekki að ástæðulausu og Halldóra var ekki eingöngu að hugsa um menningararfinn heldur einnig framtíð æskulýðsins. Hinir fullorðnu höfðu áhyggjur af iðjuleysi unga fólksins sem þeim fannst fara vaxandi í þéttbýlinu.

Af iðjuleysinu leiðir eins og allir vita margt illt: peningaspil, búðarstöður, göturáp, leiðindi, að maður ekki nefni annað verra, þeir iðjulausu tefja þá sem eitthvað vilja gera.<sup>12</sup>

Halldóra vill að kunnáttan í handavinnu sé sjálfsögð í unglingaskólum og að það sé hægara að byggja ofan á ef stöðug undirstaða sé lögð áður. Haga þurfi náminu eftir þroska hvers barns, tengja námið umhverfi barnanna og kenna þeim í gegnum leik. Hún vill einnig auka framboð á námskeiðum fyrir dreifbýlisfólk í sem flestum handavinnugreinum og að handavinnufræðslan sé þjóðleg, löguð eftir okkar sérstöku þörfum þannig að það sé íslenskur blær á henni. Rétt sé að taka það af útlendum áhrifum og fyrirmyndum er okkur sýnist og laga það að okkar þörfum. Á þessum tíma höfðu Norðmenn komið sér upp handavinnuskóla er sérstaklega var ætlaður kennaraefnum.<sup>13</sup>

Það voru fleiri sem höfðu áhyggjur af þessarri þróun sem varð við það að vélarnar tóku við af handavinnu almennings. Áhyggjurnar voru ekki af fjárhagslegri velmegun heldur andlegri; að á meðan vélarnar geri þjóðina ríkari fjárhagslega þá veiki það sálina.

Jón G. Sigurðarson bóndi í Hofgörðum á Snæfellsnesi, flutti 4. apríl 1922 fyrirlestur um heimilisiðnaðarmál á búnaðarnámskeiði á Stað í Ölduhrygg og víðar. Hann hafði miklar áhyggjur af því að heimilisiðnaðurinn væri hverfandi og að leti og ómennska, iðjuleysi og úrræðaleysi, óhóf og munaður, yrði allmiklum hluta íslensku þjóðarinnar að fjörtjóni. Hann lýsir þjóðinni sem líkama þar sem einstaklingarnir eru líffærin og hætti þau iðju sinni þá veldur slíkt almennu böli, eynd og vesöld. Hann samsinnti Halldóru um að í þéttbýlinu hefði

<sup>11</sup> Halldóra Bjarnadóttir 1919:3

<sup>12</sup> Halldóra Bjarnadóttir 1919:6

<sup>13</sup> Halldóra Bjarnadóttir 1919:14

iðjusemi landlýðsins hnignað og það stafaði mest af því að heimilisiðnaðinum hefði ekki verið haldið við. Fólki þætti það nærri því vansi og vansæmd að láta sjá sig við marga nýtsama og heiðarlega heimilsvinnu. Allar frístundir væru notaðar til að sækja leikhús, kvikmyndasýningar, dansleiki, kaffihús og fleiri frístundir.

Í fyrirlestrinum segir meðal annars;

Börnunum er síður haldið til vinnu en áður, þau venjast á iðjuleysi og verða því óhneigð til allra starfa. Flest eða allt er talið ofætlun fyrir þau fram yfir fermingu eða lengur. Þau mega eigi sitja yfir kindum úti í haga, af því að þeim kynni að leiðast, og að kemma ull, þrjúna illeppa eða spinna ull, er of lítilfjörlegt fyrir ungar stúlkur nú á dögum. Þær eru því sendar í kaupstað að vetrinum til þess að læra og læra, en koma heim aftur eins og þær fóru, flestar ef ekki allar, að öðru en því, að þær una sér eigi lengur við hið einfalda sveitalíf og flytja því margar hverjar aftur í kaupstað, að minsta kosti til að vera þar öðrum þræði. Það má nú svo sem nærri geta, hvernig þessar kvensniftir muni haga uppeldi barna sinna þegar þær verða mæður, sem eru forlög flestra kvenna samkvæmt lögum náttúrunnar.”<sup>14</sup>

Jón, á sama hátt og Halldóra, talar fyrir mikilvægi heimilisiðnaðarins á sem flestan hátt fyrir hinn almenna borgara og einnig hagkvæman fyrir þjóðfélagið. Nýtt verði áfram innlent hráefni í framleiðslu sem geti aukið útflutningstekjur þjóðarinnar fyrir utan það að ferðamenn sæki í þá vöru sem innlend er og spegli þjóðararfinn. Svo geri það fólki gott að hafa eitthvað milli handanna og það viðhaldi sköpunargleðinni sem sé hverri manneskju nauðsynleg.

## Að læra fyrir lífið

Bókin *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik*, sem gefin var út í þeim tilgangi að lýsa heimilisiðnaði, byggir á rannsóknar- og þróunarverkefnum sem eru rekin innan Norðurlandanna á þessu sviði og inniheldur 26 greinar höfundu frá öllum Norðurlöndunum.

Þar segir Ingun Grimstad Klepp að í Noregi á 19. öld hafi ástæðan fyrir mikilvægi heimilisiðnaðarkennslu meðal annars verið þessi:

---

<sup>14</sup> Jón Sigurðarson 1923:40

1. Heimilisiðnaður sem aðferð til að vera sjálfum sér nægur. Litið var á þetta sem mikilvægt bæði fyrir einstaklinginn og hið opinbera.
2. Heimilisiðnaður sem aukabúgrein og þar með mótvægisáðferð gegn fátækt og félagslegum vanda.
3. Heimilisiðnaður sem aðferð til siðferðislegs uppeldis.
4. Heimilisiðnaður til að viðhalda þjóðlegum menningararfi.<sup>15</sup>

Þar var einnig talið mikilvægt að handavinnan myndi vega upp á móti einhliða bóknámi. Handavinnan myndi stuðla að því að bóknámið yrði skemmtilegra og hjálpa til við að skapa glaðar, drifandi og dugandi manneskjur.

Það var ekki verið að tala um afkomu, heldur lífsgæði. Hvernig handverksskunnáttan leiðir til þess að gera lífið fyllra. Nemendurnir verði meðvitaðir um rætur menningar sinnar þegar þeir læri að nota verkfæri sem hafa verið búin til til vissra hluta og þeir fái tilfinningu fyrir efninu.

Kaupmaðurinn August Abrahamson stofnaði handverksskóla í Nääs, sem er í Lerum í Svíþjóð. Forstöðumaður skólans var vinur hans Otto Salomon. Til að byrja með var skólinn ætlaður drengjum úr nágrenninu en breyttist síðan í lýðháskóla. Þar var kennslan einstaklingsmiðuð og nemandinn átti að vinna sjálfstætt með því að vera eftirtektasamur og byggja upp reynslu og hæfni.

Salomon vildi meina að: „Menntun er það sem lifir með mannum þegar við höfum gleymt því sem við lærum í skóla.“ Menntuð sé sú manneskja sem geti séð stóra samhengið, sú sem geti þroskað persónuleika sinn, svo að hún geti sjálf lært að þekkja sjálfa sig og vilji vinna fyrir alla aðra. Það sem Salomon vildi ná fram er þróun viljans, siðgæðisins og áhugans. Þróunin verði til þess að barnið geti leyst sífellt flóknari verkefni. Ef aðeins kunnáttan eykst þá sitji barnið eftir á sama stað. Það sem barnið ætti að verða skýrir Salomon með orðunum; „Það er betra að vera eitthvað en að kunna eitthvað.“

Salomon lagði áherslu á að handavinnan ætti að vera frjáls og gefa sjálfstæði og tilbreytingu. Hún ætti ætíð að krefjast umhugsunar. Augað, formtilfinning og fegurðarskyn ætti sífellt að þjálfa. Til að byrja með átti nemandinn að ná vissri hæfni í efni og aðferðum en eftir það átti hann fá frelsi til eigin sköpunnar. Nemendur ættu að vanda til verksins, ekki til þess að hluturinn yrði sem fullkomnastur heldur til að nemendur temdu sér vandvirkni og nákvæmni. Salomon talaði um mikilvægi þess að fara frá hinu léttu til þess erfiða, þess einfalda til þess flókna og frá því rétta til hins abstrakta, þannig að hver æfing endurtæki þá fyrri en bætti við annarri nýrri. Þannig vildi hann gera nemandann sjálfstæðan í sköpun sinni.

---

<sup>15</sup> Grimstad Klepp, I. 2001:42

Salomon lagði til að tækni og módel væru unnin út frá landssvæðum og kennarar ættu að þróa eigin hugmyndir. Hann sagði ástæðuna fyrir handavinnunni ekki vera þá að kenna fag, heldur væri hún fólgin í því að læra fyrir lífið, það er að segja að þróa mismunandi hæfni sem allar manneskjur hafa not fyrir. Skóli Salomons varð heimsfrægur og sóttu nemendur skólann frá öllum heimshornum og dreifðu hugmyndafræðinni um allar jarðir.<sup>16</sup>

Hér heima fór Halldóra Bjarnadóttir fyrst að hafa afskipti af vefnaðarkennslu er Heimilisiðnaðarfélag Norðurlands á Akureyri tók að halda námskeið árið 1918. Í vefnaðarbók sem hún gaf út 1932 skrifar hún í formála að nær allur fatnaður hafi verið ofinn fyrr á tímum, ekki vegna þess að það væri ekki hægt að kaupa efnið úr búð heldur vegna þess að „þjóðin átti þann metnað að sækja ekki til annarra sem hún gat veitt sér sjálf.“<sup>17</sup> Hún segir einnig að svo sé ekki lengur og að Íslendingar berist nú orðið mikið á í klæðaburði og vilji semja sig að háttum annarra þjóða meðan nágrannaþjóðirnar virða mun meira það sem heimagert er og noti það. Samanber hið forna spakmæli: „Það hæfir hverjum handbragð sitt.“ Á þessum tíma hafði vefnaðarkunnátta dalað í landinu. Á námskeiðunum á Akureyri tókst að endurreisa glitið og íslenska togflosið, en báðar þessar vefnaðaraðferðir voru þá að glatast segir Halldóra í formála sínum.

Þörfin fyrir íslenska kennslubók var brýn og sá Halldóra um að gefa út fyrstu og einu vefnaðarbók sem útgefin hefur verið á Íslandi, landi þar sem aðalútflutningsvaran var vefnaður um aldir. Höfundur bókarinnar var Sigrún P. Blöndal vefnaðarkennari og henni til aðstoðar var Þórný Friðriksdóttir sem hafði tekið vefnaðarkennarapróf í Finnlandi. Þær sníðu bók sína eftir finnskri bók er þær höfðu undir höndum.

Þó Halldóru hafi tekist að koma af stað vefnaðarnámskeiðum og annarri kennslu er tengdist heimilisiðnaðinum er ekki mikið af fatnaði heimagerður á Íslandi nú um stundir, tæpri öld seinna. Handverkskunnáttunni hrakaði áfram svo um munar enda má velta því fyrir sér af hverju nemendur ættu að læra handverk ef allt er fánlegt í verslunum landsins og á mun lægra verði en nemur kostnaði við hráefnið. Innflutt er jafnvel orðið ódýrara en innlent. Fáir sjá tilgang í því að bæta buxur barna sinna hvað þá sauma fötin á þau. Það er ekki fjárhagslega hagkvæmt.

---

<sup>16</sup> Thorbjörnsson, H. 1992:16

<sup>17</sup> Halldóra Bjarnadóttir MCMXLVIII:7

## Hraði og mötun

Í vinnu minni í Punktinum, handverksmiðstöðinni á Akureyri sá ég tvö börn leika sér á gólfinu. Þau voru mjög upptekin við iðju sína að smíða. Ég dáðist að því sem þau voru að gera og spurði hvað þau ætluðu að gera við hlutinn. Þau ætluðu að selja hann. Selja hann? Og hvað ætluðu þau að gera við peninginn? Kaupa annan hlut sem var eins og sá sem þau höfðu skapað.

Það sem mér fannst ég sjá þarna, var að í dag selur þú það sem þú gerir til að kaupa það sem þig langar í. Öðruvísi getur það varla verið ef fyrirmynd þjóðfélagsins í dag er hin stöðuga mötun sem heftir sköpunarkraft og sjálfstæða hugsun. Barnið lærir sjálft með því að byggja upp sinn eigin heim í skapandi leik. Það tekur eftir því sem gerist í umhverfinu, safnar reynslu og hugmyndum sem það vinnur úr í leik sínum og lærir á lífið. Börn hafa ekki tómt til að hugsa og mynda sér eigin skoðanir. Það er ósköp skiljanlegt að þau telji að sköpun þeirra sé ekki gerð í öðrum tilgangi en til að selja hana og græða pening. Mörg þeirra alast ekki upp við annað en launþega. Starfsfólk leikskólanna, þar sem þau eru lungann úr deginum, eru á launum, sem og kennarar annarra skóla. Tómtundir eru ekki lengur frjáls útileikur, heldur fara þau í íþróttir þar sem þjálfararnir eru á launum. Flest sem þau snerta, frá fæðu til leikfanga, er skapað með markaðshyggju í huga.

Við flytjum inn ódýra neysluvöru sem fullnægir þörfum okkar svo fyllilega að við höfum nú áhyggjur af því. Þetta er ekki náttúruvænt, ruslahaugarnir fyllast. Hvað á að gera við allt þetta dót sem verður að rusli þar sem engin verðmæti eru lengur í eigninni? Henni er hent sem einnota drasli. Þjóðfélagið er nú orðið meira og minna einnota og kallað er eftir náttúruvæðingu og endurvinnslu.

Eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla<sup>18</sup> þá byggist textílmennt á þekkingu á eðli efna og vinnuferla og ríkri hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútíma samfélagi verður æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Börnin í skólanum eru látin endurgera pappír og búa til ýmis konar dót úr klósettrúllum, plastdolum og öðru efni sem kemur utan af vörum.

Skólinn fær Grænfanann, sem aukinn fjárstyrkur fylgir, ef kennarar hans eru duglegir að kenna börnum að endurnýta þessar umbúðir. Leggja mætti meiri áherslu á að viðhalda menningartengdu handverki, sem er það náttúruvænasta sem til er. Það mætti gera með því að nýta það hráefni sem verður til í nánasta umhverfi, svo sem tréin í skógræktinni, sem eru nú í

---

<sup>18</sup> Aðalnámskrá grunnskóla 1999

besta falli kurluð í gangstíga, og ullina, beinin og horn sauðfésins, sem ekki er nýtt og fer meira og minna í urðun.

Þessir munir verða varanleg eign sem endalaust er hægt að lagfæra. Börnin læra bæði að nýta hráefnið sem náttúran gefur af sér og á náttúruna sjálfa í leiðinni. Reynslan frá þeirri vinnu skapar beina upplifun og skilning af þróunarvinnu formæðra og feðra þeirra sjálfra og jafnvel frá öðrum menningarheimum. Heimsóknin í skóginn, lyktin af trénu, gróðrinum, viðarolíunni eða ullinni gefur upplifun og opnar á nýjar tilfinningar og þroskar efnisþekkingu. Börnin nýta ónotað innlent efni sem annars er ekki nýtt, í staðinn fyrir föndur úr rusli, sem oft er gert aðeins með því hugarfari að grynka á haugunum. Í stað þess myndast hin náttúrulega lífshringrás fullkomlega. Ekkert styður þá þróun betur en handverkið sem unnið er úr náttúrulegum efnum frá umhverfinu, því að lokum breytast þeir munir í mold er þeir hafa lokið hlutverki sínu. Það má telja að ástæða sé til að framleiða minna af einnota vörum, ekki síst vegna þess að framleiðslan sem slík er stórt mengunnarvandamál, svo sem plast. En plastefni byggjast á jarðolíu og eru búin til með gríðarlega mengandi efnaferlum og svo frárennslisvandamál litunarefa sem notuð eru til að lita bómullarefni, en þau eru auk þess mjög krabbameinsvaldandi.<sup>19</sup>

Þegar ég kenni tóvinnu í grunnskólum sem og í framhaldsskólum verð ég vör við hvað mörgum nemendum finnst óþægilegt að koma við ullina. Sérstaklega ef hún er óþvegin. Lyktin er orðin fjarræn, eðlileg líkamslykt merkir óhreinindi svo manneskjan þvær sér daglega til að verða lyktarlaus og setur síðan á sig rándýra gervilykt, sem veldur ofnæmi hjá fjölda fólks. Börn eru alin upp við að eðlileg lykt sé hættuleg svo það er gríðarlegur þröskuldur fyrir þau og jafnvel þá sem eldri eru, að koma við óþvegið ullarreyfi. En þau börn sem alin eru upp með dýrum hafa ekki þennan þröskuld og ganga beint til verks og þeim finnst lyktin góð, hún minnir þau á hamingjustundir. Það eru margir þröskuldarnir sem nútíma þjóðfélagið hefur byggt upp á síðustu og bestu tímum efnahags sögu þjóðarinnar. Þröskuldar sem ekkert útsýni er yfir. Barnabörnin rétta ömmunni brauðið sem hún bakaði í gær og segjast ekki borða gamlan mat eða að mjólkin sé ódrekkandi því dagsetningin sé á síðasta söluþegi, án þess að meta það sjálf með því að smakka matinn. Unga fólkið hendir bitlausum hnífum og skærum því þau eru orðin ónýt. Það hefur aldrei heyrt um brýni, veit ekki hvað það er. Það kvartar yfir því að hafa keypt rándýran hníf, það sé bara ekkert hægt að skera með honum lengur og telur að um léleg gæði sé að ræða. Ef saumspretta er á buxunum þá eru þær gatslitnar og lenda í ruslinu. Það er ekki gott að safna þröskuldum, það er betra að sleppa þeim

---

<sup>19</sup> Räisänen, R. 2002:76

bara. Við kaupum og hendum á sívaxandi hauga. Þetta er þvert á lífsýn handverksmannaþjóðanna.

Ulla Suojanen skrifar um sjálfbæra þróun og segir að raunveruleg hættu sé á að stórir hlutar af náttúruerfnum jarðarinnar séu notuð í framleiðslu á vörum, sem ekki nægja grunnþörfum manneskjunnar heldur séu ætlaðar fjársterkum minnihluta. Hún vísar til Holm sem segir að því hafi verið haldið fram að við framleiðum ekki lengur til að lifa heldur til að viðhalda framleiðslunni. Þessi fullyrðing hefur vakið athygli, sérstaklega í Finnlandi, þar sem fólk hefur rætt möguleikann á því að auka framleiðslu á heimamarkaði til að geta dregið úr atvinnuleysi. Þrátt fyrir kröfurnar um að minnka þurfi almenna neyslu þá kemur fram jákvæður tónn í velferðarskýrslu UNDP (Þróunarverkefni Sameinuðu þjóðanna) frá 1998, sem styður aukna framleiðslu og telur að á réttan hátt geti stýrð framleiðsla haldið uppi lífsgörum fólks. Í skýrslunni er lögð áhersla á að framleiðslan sé ekki brot gegn, heldur möguleiki fyrir mannlega þróun.<sup>20</sup>

En handverksmannaþjóðir engu, því það er hér um bil hægt að nýta allt áfram. Það er henni eðlislægt að vera vistvæn og það er erfitt fyrir hana að framleiða vöru í þeim tilgangi einum að hagnast á henni. Getur varan orðið handverksmannaþjóðinni svo kær að hún á í erfiðleikum með að verðleggja vöruna og einnig að láta hana frá sér.

## Handverkið elur sköpunina

Í umræðu sinni um menntun bendir Aristóteles á mikilvægi þess að læra að leika á hljóðfæri - hóflega til þess að geta notið tónlistar betur fyrir bragðið. Þannig réttlætir hann fagmenntun með tilvísun í unun fagurkerans fremur en í fagmennskuna sjálfa.<sup>21</sup> Þannig þurfa ekki allir að stunda handverkið þó þeir læri á tæknina og efnið, þeir komi til með að njóta gæðanna betur fyrir vikið.

Í greininni *Andlig fattigdom eller livskvalitet?* fjallar Annika Lund um að nútímaskólar um alla veröld kenni unglingum hvernig leysa eigi verkefni en ekki hvernig þeir eigi að finna og búa til eigin verkefni. Eitt af aðal persónueinkennum hjá skapandi manneskjum sé að þær séu uppfinningasamar, það nægi þeim ekki að leysa verkefni heldur leiti þær eftir nýjum. Það

---

<sup>20</sup> Suojanen, U. 2001:392

<sup>21</sup> Jón Torfi Jónsson 1996:13

sé áhuginn fyrir verkefninu og uppfinningagleðin sem drífur sköpunina, frekar en að ná settu markmiði.<sup>22</sup>

Þegar nemendur í handverki vinna úr hugmyndum sínum þurfa þeir oft að finna leið til að leysa verkefnið og sjá þá nýja möguleika og sjónarhorn. Þeir læra að leysa úr vandamálunum. Þetta er hæfni sem er eftirsóknarverð í síbreytilegu nútímasamfélagi en tengist ekki sjálfkrafa hinni almennu meðvitund um handverk og handverkskennslu. Þess í stað er litið á handverkskennslu sem aukafag sem metið er minna virði.

Og Annika skrifar áfram að sköpun sé almennt tengd lista-, uppfinninga- og vísindamönnum og að það hafi lengi verið í tísku að sköpunin sé eitthvað stórt og aðdáunarvert. Það sé hægt að segja að einstaka stórmenni hafi verið dýrkuð á meðan sköpun nytjamuna litla mannsins hafi hafnað í skugganum.<sup>23</sup>

## Listin sagði skilið við handverkið

Myndlista- og handíðaskóli Íslands var lagður niður árið 1999. En skólinn var stofnaður Skólinn hafði verið starfræktur síðan 1939 undir nafninu Handíða- og myndlistaskóli Íslands, þar sem handíðirnar tengdar bændamenningu okkar voru það sem lögð var aðaláhersla á, nafnið breyttist síðan með tíðarandanum.<sup>24</sup> Við skólanum tók Listaháskóli Íslands árið 1999. Hann sameinar þrjá skóla: MHÍ, Leiklistarskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík.<sup>25</sup> Við þessar breytingar hurfu handíðarnar úr heiti skólanna. Það þykir nægja að mennta hönnuði, þá sem segja til um hvernig varan á að vera. Þar sem hnignun hefur orðið á innlendri handverkskennslu og færni leita þessir nemendur hönnunardeildanna til annarra landa að framleiðendum, enda er framleiðslukostnaðurinn mun ódýrari en íslenskir launþegar sætta sig við að fá í launaumslagið. Hin þjóðlegi andi hverfur úr sköpuninni þar sem hvorki efnið né höndin er stjórnar verkfærunum tengjast Íslandi.

Við tekur lygin. Hún á upphaf sitt í söknuðinum, þeirri rómatík sem gyllir sögu okkar með efnislegum hlutum, sem líkja einungis eftir hinum þjóðlega menningararfi og stefnir að ódýrri framleiðslu. Listin sagði skilið við handverkið.

Í riti um handverk sem gefið var út í tilefni af sýningunni *Þroskandi handverk'96* skrifar Bertel Gardberg meðal annars:

---

<sup>22</sup> Lund, A. 2001:289

<sup>23</sup> Lund, A. 2001:293

<sup>24</sup> Björn Th. Björnsson 1979

<sup>25</sup> <http://lhi.is/skolinn/>



Við fyllumst ákafa þegar rætt er um að friða síðustu úlfana og síðustu ernina en athugasemdalaust fá síðustu handverksmennirnir að hverfa og deyja út. Byggðasöfnunum fjölgar en þau geta ekki komið í staðinn fyrir lifandi handverk og handavinnu.

...Maðurinn er til þess skapaður að vinna hagnýt verk með höndum sínum. En viðhorf okkar til lífs og handverks eru sjúkleg, alveg eins og allt iðnríki okkar er sjúklegt. Fyrst hindrum við manninn í þroska – meðal annars með því að svipta hann frá bernsku listáhuga og handavinnu – og síðan er það fyrst á sjúkrahúsinu sem við fáum honum vinnu, les; terapíu. Við reynum að lækna sjúka með handavinnu en við viljum ekki byrja fyrr og hindra manninn í að dragast inn í straumiðkast nytjahugsunar.<sup>26</sup>

Athugasemdarlaust fær Hagkaup að undirbjóða lopapeysuprjónakonur, þegar lopapeysan komst aftur í tísku eftir áralanga niðursveiflu, með því að láta prjóna peysur í einhverju láglaunalandi og selja í búðum sínum. Það er ekki nóg með að stórkaupmennirnir leggi undir sig smákaupmennina og útrými þeim, heldur þurfa þeir einnig að leggja prjónakonurnar undir sig ef þeir telja sig sjá þar einhvern uppgang. Þeim virðist ekkert heilagt annað en eigin hagnaður enda er það gild nútíma viðskiptafræði.

Bertel skrifar áfram:

...Það er ekki einasta heilinn sem hugsar, það vita allir handverksmenn. Hendurnar hugsa líka þegar þær komast í snertingu við ólík efni og eigindir þeirra. Hendurnar miðla heilanum þekkingu. Og miðillinn milli handa og heila er hjarta mannsins, ástin til vinnunnar.

...Menn verða að þekkja eiginleika efnisins, þá þekkingu fá menn af því að smíða úr því grip með eigin höndum. Þá verður sniðið rétt, málin rétt.

...Allt á upptök sín í hendinni. Höndin er frumverkfæri mannsins. En auk handarinnar þarf hann áhöld sem henta verkinu: fyrir þeirra tilstyrk heppnast verkið frá sjónarmiði fegurðarinnar. Gripurinn fæðist úr samspili handar og áhalds, úr bandalagi þeirra.

Áhöldin standa í beinu sambandi við höndina og hugarfar listamannsins. Þess vegna er handverksmanninum það upphaf alls og endir að geta sjálfur búið til eigin áhöld. Þess vegna er mikilvægt að geta búið sér til áhöld sem svara til hugsana – kannski meira að segja þess konar áhöld sem aldrei hafa verið til áður.<sup>27</sup>

---

<sup>26</sup> Gardberg, B. 1923:35-36

<sup>27</sup> Gardberg, B. 1923:37-38

Það er með ólíkindum hvað handverksfólk fyrri tíma hefur náð mikilli hæfni í list sinni að skapa finustu munstur í hin ýmsu efni, spinna finasta þráð til vefnaðar og útsaums með einföldustu verkfærum sem enginn í dag getur hermt eftir. Á seinustu öld hefur nútímatæknin gert það að verkum að auðvelt er fyrir hvern sem er að nálgast verkfæri og tæki sem eru finni og auðveldari í notkun en verkfæri fyrri tíma, samanber nálar, rennibekki, vefstóla, saumavélar og fleira en vinnan verður þrátt fyrir það grófari og einfaldari. Útskurðarmeistari fyrri alda átti hnífinn sinn en nú á hann sett af útskurðarjárnnum. Konurnar kembdu með handkömbum og spunnu á snældu finna band en fáanlegt er í dag. Við sjáum dæmi um hæfni þessa fólks á söfnum allra landa án þess að skilja lengur því þráðurinn er slitinn.

Eins og Ulla Suojanen bendir á tilganginn með menningarlegri röksemdarfærslu þegar leitað er að vistvænni úrlausnum, þá byggir það á eigin menningarhefð og verðmætamati. Þjóð sem ekki þekkir hefðir sínar kemur ekki til með að lifa af í hinni alþjóðlegu veröld. Hún nefnir að franskur tískuhönnuðurinn Christian Lacroix hafi undirstrikað mikilvægi heimilisiðnaðarins með því að benda á að ef þjóð tapar handverkskunnáttu sinni þá tapar hún um leið sál sinni.<sup>28</sup>

Þetta er samhljómur við ræðu Halldóru Bjarnadóttur, sem ég tók dæmi um hér að framan, þar sem hún um einni öld áður talar um að „týni þjóðin heimilisiðnaði sínum, týni hún um leið að nokkru leyti sjálfri sér“.

## Hvenær er list list?

Það þarf þolinmæði og þrautsegju til að stunda handverk og virðing er vandmeðfarið hugtak, þetta fæst ekki gefins. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar hafi ekki stundað listsköpun fyrr en farið var að senda fólk til Evrópu í listnám til að mála málverk. En formæður okkar höfðu með sér til Íslands kljásteynavefstað þann er notaður var á Norðurlöndum fyrr á öldum. Allan vefnað unnu þær í þessum vefstað, hvort sem um var að ræða efni í fatnað, tjöld í skála og á skip eða búðir. Hráefnið var ullin af sauðfénu. Lín hafa þær reynt að rækta hér á landi, nafnið Línakradalur í Vestur-Húnavatnssýslu ber það með sér. En þar sem sumrin eru stutt og misveðra hefur ekki verið hægt að treysta á línið til efnisgerðar. Línið vex ágætlega en til þess að geta sáð á hverju ári þurfa fræin að ná þroska og vinnan við að koma því í þráð þarf lengri sumur og þurr hús. Ullin aftur á móti óx sjálfkrafa á fénu. Það var því rúið á sumrin,

---

<sup>28</sup> Suojanen, U. 2001:392

ullin þvegin, kembd og spunnin yfir veturinn til að vera síðan lituð með litum sem fengust úr jurtum sem uxu í nágrenninu.

Skálar landnámsmanna voru tjaldaðir með tjöldum fagurlega ofnum og með ísaumuðum myndum. Þó nokkuð hefur varðveist af íslenskum vefnaði, allt frá miðöldum, sem sýna brot af þeirri listsköpun sem hefur verið í landinu og efniviðurinn var ullin. „Um Ingunni lærðu er þess getið á 12. öld að hún saumaði tjöld með sögum helgra manna.“<sup>29</sup> Á meðan gömlu meistarnir í Evrópu máluðu myndir sínar með línolíulitum á línaréft, sátu íslenskar konur og saumuðu sín verk í ullarjava með innlendu jurtalituðu ullarbandi. Kirkjurnar voru skreyttar með útsaumuðum altarisklæðum með myndefni sem sótt var í Biblíuna. Tel ég víst að rík frásagnalist hafi verið stunduð hér á landi eins og dæmi eru um annars staðar. Refillinn sem fannst í Osabergs skipinu í Noregi er dæmi um þessa frásagnalist. Þar sýnir útsaumurinn mannskap gangandi í líkfylgd að skipi, sem talið er að geti verið Osebergsskipið. Í skipinu fundust bein tveggja kvenna sem grafnar höfðu verið í skipinu ásamt ýmsum verðmætum, þar á meðal reflinum góða.<sup>30</sup> Einnig má nefna Bayeuxrefillinn sem lýsir herför Vilhjálms sigurvegara til Englands og orrustunni við Hastings árið 1066 í Englandi á fimmtíu sentimetra breiðum og 70 metra löngum refli.<sup>31</sup> Bæði verkin eru saumuð með jurtalituðu ullarbandi í línjava. Við siðaskiptin hættu prestar að skreyta kirkjur sínar eins og áður og varð myndskreyttur vefnaður því algengur á rekkjuvoðum og söðuláklæðum almennings sem skreytti rúm sín og reiðhesta fram á 20. öldina.

Ýmislegt bendir til þess að það sitji djúpt í vitund manna að það verk sem er skapað með nál geti ekki verið „listaverk“, það sé „bara handverk“ sem sannast einnig best á verðmati handverksmuna. Það er enn eitt dæmið um niðurlægingu kvenna en einnig í þessu tilviki um niðurlægingu menningararfs þjóðarinnar. Þessu til sönnunar langar mig að taka persónulegt dæmi. Í tengslum við sýningu sem ég hélt á safni af smokkum, sem ég hafði meðal annars þrjónað að fyrirmynd marga smokka frá minjasöfnum og öðrum sem ég hafði hannað, keypt eða fengið að gjöf, reiknaði ég út verð á perlusmokkum sem tók mig 13 klukkustundir að þrjóna. Til viðmiðunnar hafði ég launataxta iðnaðarmanna og útkoman varð 40.000 krónur sem er þó eingöngu vinnulaun, hvorki efnisgjald, leiga á vinnustofu né hönnunarlaun og ekki heldur sölulaun og virðisaukaskattur. Gangverð þessara smokka er 2500 krónur út úr búð.

Þrátt fyrir þá viðurkenndu verðlagningu sem er á þrjónlesi í dag keppast konur við að þrjóna og undirbjóða þær sem vilja lagfæra verðið. Þörfín fyrir að skapa og þörfín fyrir því að

<sup>29</sup> Sigfús Blöndal og Sigurður Sigtryggson 1929:X

<sup>30</sup> Hougen, B. 2006:15

<sup>31</sup> Ejlers, C. 1999:7

sem flestir geti notið verka kvennanna er sterkari en launin. Þær þvertaka fyrir það að varan sé hækkuð í verði, því þá gæti það farið svo að einhver hefði ekki efni á að kaupa hana og það geta þær ekki hugsað sér. Samt borga þessar sömu konur 30.000 kr. fyrir að lára smyrja bílinn sinn þegjandi og hljóðalítið. En þeir sem kaupa handverkið vilja fá það sem ódýrast og bera því að mamma/amma hafi nú alltaf verið að þrjóna og hún gaf þetta bara. Væntumþykjan er fylgdi gjöfinni var ekki metin til fjár.

## Menningararfurinn

Annika Lund skrifar að andleg fátækt sé þema í blaðagrein prófessors Yves Pelicier um hina ungu og menningararfinn. Pelicier er sálfræðingur að mennt og hefur hann áhuga á heimilisiðnaðinum og hinum sálfræðilega bakgrunni hans. Í greininni skrifar Pelicier um það hvernig unglingar nútímans virðast lifa hér og nú og að þeir hafi ekki áhuga á sögunni. Það sé þó mikilvægt fyrir hina mennsku hugsun að vera meðvitaður um hvernig hið liðna, núíð og framtíðin hangi saman. Með því að skilja það sem áður hefur gerst öðlist maður betri tækifæri til að skilja nútímann og undirbúa sig fyrir framtíðina. Að lifa eingöngu í núinu sé ógnvekjandi því maður hafi ekkert að styðjast við, engan fastan punkt í tilverunni. Þar fyrir utan sé núíð svo stutt að það skapi þá tilfinningu að maður sé í tímaþröng. Stressið í nútímaþjóðfélaginu sé allsráðandi og fólk hafi nú úr svo miklu meiru að velja en fyrr og hin fornu gildi tapast.<sup>32</sup>

Að fortíð skal hyggja,  
ef frumlegt skal byggja,  
án fræðslu þess liðna sjest ei hvað er nýtt.

Svo orti Einar Benediktsson í ljóði sínu *Aldamót* fyrir um eitt hundrað árum. Þessi skáldlegu orð eru svo spakleg að þau mættu vera einkunnarorð öllum þeim sem reyna að átta sig á nútímanum og framtíðinni. En þar sem hraðinn, velgengnin og framinn er allstaðar á næsta leiti þá er erfitt að muna og hlusta.

Annika Lund bendir á að við látum stjórnast af hraðanum, flýtinum, afkastgetu og framleiðslugetu nútíma heimsins. Vandamálið sé þó að í flýtinum töpum við hæfileikanum til þess að sjá hvað er mikilvægt og hvað er ekki eins mikilvægt. Að hið manneskjulega tapist og matið verði innihaldslaust, skammsýnt, yfirborðskennt og ómanneskjulegt. Til að útskýra það

---

<sup>32</sup> Lund, A. 2001:283

síðast nefnda geti maður kannski fengið að láni það sem Pelicier kallar „tæknileg villimennska“. Hann tók þannig til orða er hann ræddi um hóp unglinga, sem hann hafði hitt í útjaðri Parísar. Þrátt fyrir að unglingarnir væru umkringdir nútímatækni var tilvera þeirra engu að síður frumstæð, þar sem þeir gátu hvorki tjáð sig og tilfinningar sínar, náð sambandi við aðra né lært að þekkja sjálfa sig og sína eigin sögu. Þeir lifðu gegnum ofbeldi.<sup>33</sup>

Auðvitað hefur þjóðfélagið aldrei verið fullkomið, gömlu góðu dagarnir voru kannski ekki betri en nútíminn ef á heildina er litið. Eins og nefnt er hér í byrjun þá gat barnið ekki verið frjálst í leik né vinnu og kúgunin var viðurkennt afl til að halda þjóðfélaginu í skefjun. En spyrja má hvort framfarir hafi bætt lífsskilyrði, leitt þjóðfélagið á rétta braut? Það er ekki nema ein öld síðan flestir landsmenn bjuggu í torfbæjum. Elsta núlifandi kynslóðin á Íslandi man þessa tíma. Sú kynslóð hefur alið af sér niðja sem ekki geta hugsað sér að gista í sumarbústað í vikutíma sem hefur ekki nettengingu hvað þá rennandi heitt vatn. Þessi nýja kynslóð býr við nútíma þægindi, í húsum fullbúnum nýjustu tækni. En hún dvelur ekki í híbýlum sínum nema stuttan tíma sólarhringsins og börnin sem eiga full herbergi af leikföngum eru allan daginn á leikskóla á meðan báðir foreldrar, sem stunda vinnu sína og tólmstundir utan heimilis, eru skuldsett upp fyrir haus. Þessir ungu foreldrar eru að missa hið mikilvæga samband milli kynslóða, ættmenna og barna, jafnvel við sjálfa sig, náttúruna og hið liðna. Það myndast gjá milli kynslóða og mikilvæg vitneskja tapast.

Þegar skoðuð eru þjóðminjasöfn í Kanada, má sjá muni sem eiga uppruna sinn frá steinöld. Þetta eru munir eins og verkfæri og vopn úr beinum dýra, beittir og hvassir hnífar og axir og einnig barefli sem hafa verið notuð allt fram á 20. öldina. Þessa muni er ekki að sjá á íslenskum söfnum og þó finna megi einhverjar nálar og þrjóna finnast engin stærri verkfæri.

Þegar Ísland var numið seint á 10. öld voru þessi verkfæri gerð úr járni á Norðurlöndum og þó lítið væri af járni í jörðu hér var það unnið að einhverju magni en annað innflutt. Vopn voru því aðeins í eigu þeirra ríku en ekki almennings, eins og sagt er um Örlygstaðabardaga, að þar hafi bændurnir barist með því að kasta steinum hver í annan. Getur verið að ástæða þess að vopn úr stórgripabeinum hafi ekki verið notuð hér á landi sé sú að upp var runnin járnöld þegar landið var numið og þar með sambandið við steinöld brostið? Að manneskjan fari ekki til baka í þróunarferlinu ef aðferðin er henni ekki töm, því hún sé á stað þar sem aðferðin hefur aldrei verið iðkuð? Heldur fari hún á byrjunarreit?

Þegar hópur Grænlandinga var fluttur yfir í Skoresbysund var fólkið slitið úr sínu fyrra samfélagi sem hafði þróast um aldir yfir í óbyggðan fjörð. Þetta fólk er enn ekki búið að festa rætur, einni öld síðar. Þar sem elsta kynslóðin fylgdi ekki með hafði hópurinn engar rætur í

---

<sup>33</sup> Lund A. 2001:284

menningu fyrri kynslóða og samfélagsleg vandamál þessa fólks eru gríðarleg enn í dag. Hvað er svo að gerast í okkar íslenska samfélagi í dag? Er hrun bankanna ef til vill vegna ónógs fortíðargrunns, vegna þess að engin viska er til að byggja á?

Annika Lund tekur dæmi frá samfélagsgagnrýndanum Robert Bly þar sem hann í bók sinni *Syskonsamhället* (1996) lýsir samfélagi þar sem bilið hefur aukist milli barna og foreldra. Fegurð og æska eru lykillinn að frama og því vilji enginn verða eldri eða fullorðinn því það þýði að maður verði að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum. Manneskjurnar verða hópur af nöldrandi og uppreisnargjörnum systkinum. Manneskjan sér hvorki upp né niður, aðeins til hliðar. Á sama hátt er hægt að segja að hvorki sjáist fram né aftur, aðeins núíð og skammsýnu hlutina.<sup>34</sup>

Keppnin við að eignast hluti sem keyptir eru frekar en að skapa þá sjálf gerir það að verkum að við missum að einhverju leyti tókin á sjálfum okkur, verðum þrælur markaðarins, sálarlausir neytendur neyslupjóðfélagsins. Hættan er einnig, að við verðum þar af leiðandi þrælur atvinnunnar. Þar sem áherslan á að vinna fyrir atvinnurekandann og fjármagni verður aðaltilgangur lífsins.

Annika Lund bendir á að sá sem eingöngu tekur á móti öllum stundum, matast með skemmtun og upplýsingum, skiptir á tilbúnum vörum og þjónustu með seðlum og bankakorti, missir tilfinninguna af fullnægju og stolti sem skapast af því að hafa sjálfur búið eitthvað til. Í staðinn myndast tótleiki sem maður verður að bæta með öðru sem getur hugsanlega fært svipaðar tilfinningar.<sup>35</sup>

Innilegheit og alúð er fyrsta og æðsta skilyrði þess að maðurinn geti skapað það sem hefur meira en stundargildi. En í því er styrkur handverksins og hins forna heimilisiðnaðar sem þjóðin á.

Í ritinu um handverk sem gefið var út í tilefni sýningarinnar *Proskandi handverk'96* í Perlunni byrjar Hildur Hákonardóttir skrif sín á þennan hátt:

Handverksmaðurinn hefur á síðari öldum haft þá ímynd í huga okkar að hann sé í senn hógvær og nægjusamur, en að sama skapi fær um að láta hugvitið og handlagnina skapa líf, annað hvort til að framleiða hversdagslega brúks hluti eða með því að skapa fegurð og jafnvel munað. Hógværð hans hefur þá átt að stafa af því að hann var upptekinn við sköpunarverk sín en nægjusemin vegna þess að hann var að verulegu leyti sjálfum sér nógur – kunni að búa til það sem hann vanhagaði um.<sup>36</sup>

Hún heldur áfram;

<sup>34</sup> Lund, A. 2001:284

<sup>35</sup> Lund, A. 2001:285

<sup>36</sup> Hildur Hákonardóttir 1996:17

...innsta eðli handverks breytist aldrei – það eðli að skapa hluti og gefa efni líf gegnum formið. Í dag má vissulega segja að íslenskt handverksfólk standi uppi nokkuð snautt, því að eldri þekking er annað hvort mikið til glötuð ellegar búið að setja hana í bás, sem einhver stétt er búin að tileinka sér en á hinn bóginn er leitinn og eðlið alltaf það sama. Polinmæði, útsjónarsemi, þekking og galdur skapa innihaldið en það er eins og með frumefnin, hið fimmta – andinn – þarf til að sköpun geti átt sér stað. Varðandi handverkið er fimmta aflið, sem gerir sköpunina mögulega, frelsið – frelsi til að vera jafnvel smár og ómakleg hermikráka – en einnig frelsi til að vaxa ótakmarkað og geta af sér heila framleiðslugeira, lista- eða vísindagreinar.<sup>37</sup>

Alþýðulistin, heimilisiðnaðurinn hafði alla tíð verið frjáls, hver og einn skapaði af eigin þörfum og smekk. Það var fyrst um aldamótin 1900 að farið var að tala um lögmál fagurfræðarinnar. Þá gat almenningur fengið lánuð teiknuð munstur til að vinna eftir. Þessi munstur voru viðurkennd af þeim er kunnu lögmálið. Lögmál sem ekki var hægt að kenna, því það lærðist með tímanum með því að skoða meðal annars fagra náttúru. Þetta varð til þess að almenningur hætti að hanna sitt handverk, það varð öruggara að vinna eftir fyrirmyndum sem voru fyrirfram viðurkenndar af þeim er höfðu rétta smekkinn. Handavinnan í skólunum hélt þessarri stefnu framan af. Þegar ég var í barnaskóla þurfti að rekja upp og laga ef ekki hafði verið farið rétt eftir munstri og velti ég fyrir mér fram eftir aldri hvernig sú, sem hannaði munstrið, hefði vitað hvernig það átti að líta út. Það hvarlaði ekki að mér að hún hefði mátt ráða því. Þetta hefur loðað við handverksfólkið til dagsins í dag, að það hafi ekki einu sinni vit á því hvernig liti það á að velja þegar það ætlar að sauma út í púðaborð eftir tilbúnu munstri. En auðvitað hafa manneskjur á öllum tímum við allar aðstæður orðið að læra af hver annarri. Á okkar tímum sækjum við kunnáttu fyrst og fremst í gegnum upplýsingar frá fólki með svipuð áhugamál og lífsmunstur. Einnig á almennum sýningum á munum sem efla hugmyndaflugið. En jafnvel einfaldasti hlutur geymir í sér sál þess er hann skapar. Og þó hluturinn sé gerður eftir fyrirmynd þá veitir vinnan við að búa hann til ómælda gleði og lífsfyllingu.

Það þarf ekki að vera spurningin um allt ferlið, frá hugmynd til fullbúins hlutar, til að finna mikilvægi handverksins. Að „skella sér“ á tilbúinn útsaums pakka eða setja saman bókahillu sem er tilsöguð getur verið fullnægjandi fyrir einstaklinginn. Segir Annika Lund að

---

<sup>37</sup> Hildur Hákonardóttir 1006:19

mikilvægt sé að fá að gera eitthvað sjálfur, eitthvað sem maður getur notið, glaðst yfir og verið stoltur af.<sup>38</sup>

## Baðstofustemming nútímans - líknar- og áfallahjálp

Í starfi mínu sem þroskaþjálfari á Kópavogshæli á árunum í kringum 1970 sá ég um kvennadeild. Á kvöldin voru konurnar vanar að liggja fyrir eða hafa lítið sem ekkert fyrir stafni. Ég útvegaði þrjóna, garn og efni og við fórum að eyða kvöldunum í að sauma rýjateppi og krosssaumsmyndir á veggum deildarinnar en einnig voru þrjónaðir bangsar sem lagðir voru á rúmin. Auðvitað tók þetta tíma og þolinmæði því konurnar þurftu aðstoð og kennslu. Þetta varð til þess að stofnardeildin varð að „heimili“ og þær sýndu stoltar vinnu sína hvenær sem tækifæri gafst. Kvöldin breyttust í þægilega samverustund þar sem við sátum allar saman og skemmtum okkur. Allar konurnar á deildinni sátu í setustofunni, einnig þær sem ekki tóku þátt í handavinnunni. Þeim leið betur þar en sitjandi á ganginum því það var skemmtilegra að fylgjast með. Handverkið þjappaði okkur saman. Við höfðum hvorki útvarp né sjónvarp sem truflaði.

Síðan sótti ég um starf iðjuþjálfara á Geðdeild Borgarspítalans. Á þeim tíma fólst starf iðjuþjálfara í að aðstoða sjúklinga við handavinnu, svo þeir hefðu eitthvað fyrir stafni á daginn. Það var séð til þess að sjúklingarnir hefðu tækifæri til að stunda handavinnu alla virka daga vikunnar og efni og tól voru fáanleg á staðnum. Var handavinnustofan ætíð fullsetin af fólki sem vann muni fyrir sig eða sína nánustu. Það kenndi hvert öðru og lærði eitthvað nýtt. Haldnar voru sýningar á göngum sjúkrahússins sem vöktu athygli og sá ég konur bera heklud sjöl, sem við hönnuðum á deildinni, mörgum árum síðar á götum bæjarinnar. Sköpunin hélt því áfram þegar heim var komið.

Það sama á sér stað í dag á félagsheimilum og stofnunum fyrir eldri borgara. Eldri kynslóðin getur sótt staði þar sem boðið er upp á handverkskennslu. Það er sú starfsemi sem veitir þeim félagskap og ánægju. Ef einhver er feiminn og óframfærinn og á erfitt með að kynnast fólki, getur sá hinn sami alltaf sótt aðstoð við handverkið. Það gerist svo bara af sjálfu sér að hann verður einn af hópnum. Handverkið heldur þeim ernum, viðheldur heilbrigðri hugsun og þeirra bíður alltaf spennandi verkefni.

---

<sup>38</sup> Lund, A. 2001:292



Tengdamóðir mín bjó á heimili okkar hjóna í nokkur ár og þrjónaði allan daginn og heklaði. Hún var farin að hrörna allmikið og ég þurfti, undir það síðasta, að rifja daglega upp með henni hvernig hún átti að hekla dúllurnar í teppin. En hún náði því alltaf og raðaði að lokum litunum eftir eigin smekk og heklaði fram á kvöld og tók sér aðeins smá hlé yfir daginn til að matast. Þegar hún að lokum fluttist á stofnun fékk hún ekki þessa upprifjun í byrjun dags, svo hún hætti heklinu og sat aðgerðarlaus allan daginn og horfði í gaupnir sér. Það var áberandi hve heilsu hennar hrakaði hratt eftir það. Hún hafði ekkert fyrir stafni lengur, tilgangsleysið var algert. En börnin hennar eiga öll heklud teppi sem hún gerði á þessum síðustu árum ævinnar þegar hún var ekki lengur með allt á hreinu og mundi jafnvel ekki hvort hún hafði eignast börn. Hún kannaðist við þau en var ekki viss um hver þau voru. En hún hafði heklunálina sína og vinnuna sem hún stundaði alla daga langt fram á kvöld, með sama dugnaði, ákafa og trúmennsku og hún hafði stundað heimili sitt og álagsvinnuna hjá saumastofunni Max. Teppin hafa sál móðurinnar, þau hlýja afkomendum hennar um ókomna framtíð og í hvert sinn er þau eru notuð þá er spólað til baka, hugurinn reikar um lífið sem var.

Það hefur mikið verið rætt um lækningarmátt sköpunarinnar á sálina og eru mörg dæmi frábærra muna sem fólk hefur skapað, fólk sem að öðru leyti getur ekki séð um sig sjálft. Skapandi vinna getur bægt burt vandamálum og jafnvel læknað. Handavinnan dreifir huganum frá vandamálum sem herja á og fólk getur gleymt sér við sköpun og orðið algerlega upptekið af vinnunni. Óöryggið hverfur og sjálfstraustið styrkist. Á þennan hátt er handavinnan sem og öll sköpun mikilvægur þáttur í því að fólki líði vel. Það er sérstaklega áriðandi í dag þar sem margir þjást af streitusjúkdómum. Nútímamanneskjan þarf að geta slakað á og horfið frá streituumhverfi sem umlykur allt þjóðfélagið. Það er því hagkvæmt fyrir manneskjuna að setjast niður og skapa. Skapa eitthvað sem hana vanhagar um, fyrir sjálfa sig eða einstaka gjöf, bæta hæfni sína í hvert sinn og njóta ferlisins.

Þegar atvinnuleysið herjaði á þjóðina á seinni hluta 20. aldarinnar og ekki var hægt að flýja til annarra Evrópulanda þar sem þar var sama ástandið, urðum við að taka til okkar ráða. Ekki var hægt að hafa aðgerðarlaust, atvinnulaust fólk í bænum því það boðaði ekki gott. Ein hugmynd, sem var svo framkvæmd, var að koma upp handverksmiðstöð að norrænni fyrirmynd. En slíkar miðstöðvar höfðu verið starfræktar í áráraðir á hinum Norðurlöndunum. Punkturinn var stofnaður á Akureyri. Gamalt skóverksmiðjuhús var lagt undir og starfsfólk ráðið úr röðum atvinnulausra. Meiningin var í byrjun að húsið yrði eingöngu nýtt fyrir atvinnulaust fólk en frá því var horfið og öllum var boðið að koma og vinna handverk. Það mátti þó alls ekki vera söluhandverk, heldur eingöngu til eigin nota. Ekki var ætlast til þess að starfsfólk væri á neinn hátt fagmenntað þó listakonur hafi verið fengnar til að kenna þar á

námskeiðum. Unglingum var í byrjun meinaður aðgangur þar sem þeir höfðu félagsmiðstöðina Dynheima og mátti Punkturinn ekki vera í samkeppni við hana. Þótt það skilyrði hefði síðar verið aflagt var ekki stefnt að því að gera staðinn aðlaðandi fyrir unglíngana þar sem engin námskeið voru þeim ætluð. Punkturinn varð gríðarlega vinsæll meðal fólks sem fann sig í því handverki sem það gat unnið þar og ein af notendum hans ákvað að flytjast til Akureyrar í stað Reykjavíkur frá Vestfjörðum vegna Punktsins. Í Punktinum mætast allar stéttir þjóðfélagsins og hann hefur tekið við fólki sem á einhvern hátt hefur orðið að hverfa af vinnumarkaðnum. Þetta fólk sækir staðinn á sama hátt og það sótti vinnuna. Það segir að hann hafi bjargað lífi þess. Kona ein segist nota Punktinn til að koma sér út úr þunglyndi. Hún drífur sig af stað þegar fer að skíma í sálinni og kíkir aðeins á staðinn, fær starfsfólkið til að koma sér af stað, til dæmis í vefstól. Smám saman er hún komin á fullt og getur séð um sig sjálf við hið daglega amstur þar til hún fellur aftur í húmið. Hún segir að ef ekki væri fyrir Punktinn væri hún illa stödd. Mörg eru slík dæmi um mikilvægi Punktsins og áhrif handverks og sköpunar.

Hið lifandi handverk dregur fram tilgang þess að stunda tómsundur, sem er mikilvægur þáttur í lífi margra og bætir líðan þeirra bæði líkamlega og andlega. En hvernig stendur á því að ekki er lögð meiri áhersla á faglega þáttinn þar sem vitað er og viðurkennt að ástundun handverks er það mikilvæg að gripið er til hennar þegar allt annað bregst, til dæmis sem líknar- eða áfallahjálp?

Halldóra Bjarnadóttir sagðist þora að fullyrða, að þau börn, er hafa notið skynsamlegrar handavinnukennslu í 4–5 ár í barnaskólum, verða heimilisiðnaðarvinir er þau vaxa upp. Nú er handavinnu þannig háttað í skólum landsins að það er varla nokkurt barn sem hefur öðlast nægilega færni í neinni handverkstækni að það geti gripið til hennar eftir að skyldumámi lýkur. Halldóra sagði einnig að: „Sú hefir reyndin á orðið, að sé mjög erfitt um áhöld til heimilisiðnaðar, þá trénast menn upp“.<sup>39</sup> Hefur það ekki einmitt gerst? Menn eru að trénast upp.

## Fyrirbyggjandi starfsemi

Það eru lagðir ógrynni af fjármunum, tíma og krafti þjóðarinnar til íþróttamála. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú hve fyrirbyggjandi slík starfsemi er fyrir börn og unglínga. Ráðnir eru

---

<sup>39</sup> Halldóra Bjarnadóttir 1919:22

færustu fagmenn hvaðanæva að úr heiminum til að þjálfa og leika með liðunum. Í stórum hluta dagblaðanna er fjallað um íþróttir og einnig í sjónvarpi og útvarpi. En flestar þessar íþróttir eru kostnaðarsamar fyrir foreldra. Auk þess sem margir hafa ekki áhuga á keppnisíþróttum enda styrkja þær varla sjálfstraust þeirra er lélegastir eru. Hluti þeirra sem ekki stunda íþróttir gætu fundið sig í handverkinu þar sem hver einstaklingur þróar með sér sköpunina og hæfileikana á eigin forsendum. Ef faglega er að staðið væri hægt að gera stóráttak á þessu sviði. Með því að börn læri sjálf að leysa verkefni í handverki eiga þau einnig auðveldara að tengja þá æfingu við hið daglega líf. Handverkið þroskar samræmingu huga og handar. Það veitir þeim sem við það fást hæfni og skilning sem eru mikilvæg fyrir manneskjur sem lifa í flóknum menningarheimi efnishyggjunnar. Það að læra með því að skapa heyrir til framtíðarinnar og hér getur handverkið lagt ýmislegt af mörkum. Sköpun og verkleg útfærsla er besta leiðin til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir því það verður svo ápreifanlegt. Þar sjást villurnar og þar er hægt að laga þær, afleiðingin verður eigin sköpun sem veitir fullnægju, þekkingu, færni, nýtni, útsjónarsemi, virðingu og þolinmæði en þetta eru allt þættir sem leiða til aukins almenns þroska og innsæis.

Það leiðist engum sem hefur náð hæfni í því að tálga sér flautu úr víðigreini á vordögum, er fífillinn málar heiminn gulan.

Áform er fyrirhugað markmið; það er að segja það felur í sér að maður sjái fyrir afleiðingarnar sem stafa af því að hegða sér hvatvíslega. Að sjá fyrir afleiðingar felur í sér vitsmunastarf.<sup>40</sup>

En það er víða pottur brotinn í handverkskennslu. Sonur minn henti hundi, útsöguðum í krossvið sem hafði verið skorðaður ofan í kubb, upp á skóhillu einn dag þegar hann kom úr skólanum og spurði hneykslaður; „Hvað á maður nú að gera með þetta og til hvers að vera að þessu?“. Kennarinn hafði auðsjáanlega verið að láta þau gera „eitthvað sniðugt“ um leið og þau lærðu að saga.

Þemaverkefni sem tengdist öðrum námsgreinum í skólanum hefði getað fyllt þetta verkefni lífi og tilgangi. Þar hefði verið hægt að tengja hundinn við söguna. Er íslenski hundurinn eins og hann var árið 1000? Hefur hann blandast öðrum tegundum? Hvernig lítur hann út? Hvernig er hann á litinn, stuttur feldur eða loðinn? Hvaða tegund er hann, veiðihundur, fjárhundur, vakthundur eða gæludýr? Með spurningar sem þessar í huga gæti rannsóknarferli farið í gang til að fá betri tilfinningu fyrir hundinum. Þetta gætu börnin hafa

---

<sup>40</sup> Dewey, 1938:77

unnið með umsjónarkennaranum, bókasafninu, myndlistinni, jafnvel með lifandi fyrirmynd og lokaútfærslan væri annað hvort í textílmennt eða smíðum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 er fjallað um mikilvægi þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að fá útrás fyrir forvitni sína og sköpunargleði. Þeir þjálfist í að draga sjálfstæðar ályktanir og læri að bregðast við nýjum aðstæðum því sjálfstæð hugsun nemenda mótist ekki síst af fjölbreytni í námi og þeirri reynslu sem þeir öðlast í samvinnu við aðra.

Ég trúi því að með þemavinnu eins og þeirri sem lýst er hér að ofan sé ávinningurinn margskonar. Áhugi barnana eykst á hliðstæðum efnum sem tengjast verkefninu og spennandi og innihaldsríkar umræður myndast. Sköpunin verður afleiðing rannsókna og þar af leiðandi verður bæði rannsóknin og sköpunin mun áhugaverðari og lærdómsríkari. Eitt er ég viss um, hundur sonar míns hefði öðlast líf og ekki lent á skóhillunni ef þessi forvinna hefði verið unnin. Hann hefði ekki eingöngu lært að saga, heldur væntanlega einnig séð ástæðuna fyrir henni og hvaða not hann hefði fyrir sögina í framtíðinni, kannski jafnvel keypt sér eina.

## **Það blómstur gæti eins orðið að stórum skógi**

Haustið 2000 fór verkefnið *Lesið í skóginn - tálgað í tré*, af stað í 11 grunnskólum í Reykjavík. Forsaga verkefnisins hófst í Flúðaskóla haustið 1998. Guðmundur Magnússon, smíðakennari, tók fyrstu skrefin í átt að verkefninu eftir ársdvöl í Svíþjóð og víðar í Skandinavíu þar sem hann kynnti sér gamlar handverksaðferðir hjá þarlandum tálgunarmeisturum. Ólafur Oddsson, kynningarfulltrúi Skógræktar ríkisins, tók upp samstarf við Guðmund haustið 1999 þar sem þróuð voru námskeiðin *Lesið í skóginn - tálgað í tré*. Þar var ýmsum þáttum skógarvistfræðinnar og skógarhirðu bætt við tálgutæknina. Þeir félagar hafa einnig haldið námskeið fyrir almenning um allt land þar sem þeir kenna fólki að ná sér í efnivið í skógana og tálga úr honum hina ýmsu muni.

Markmið verkefnisins *Lesið í skóginn - tálgað í tré* er að safna upplýsingum um skógarfræðslu, nýtingarmöguleika grenndarskóga í vettvangsnámi þar sem samþætting námsgreina er notuð sem leið í útinámskennslu og grenndarstarfi. Kennarar sem taka þátt í verkefninu fara á námskeið, fá reglubundna leiðsögn og sækja fundi þar sem jafningjafræðslan blómstrar.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup> [http://www.timbur.is/Lesid\\_i\\_skoginn/Lesid\\_i\\_skoginn\\_1.htm](http://www.timbur.is/Lesid_i_skoginn/Lesid_i_skoginn_1.htm), 11.okt.2008.

Vissulega hefur áhuginn á handverkinu aukist hin síðustu ár og vonandi heldur hann áfram að aukast og leiðir til þess að meiri áhersla verður lögð á handverkið í skólum landsins og víðar. Hildur Hákonardóttir sér fyrir sér að það sé búið að sá fræinu:

Eins og vorgróðurinn stingur það upp höfðinu hjá okkur í dag, því að samfélagið er að mettast af ópersónulegum og aðfluttum hlutum og vill sjálft aftur fá að fanga þann galdur að læra að lifa og búa sér í haginn með eigin höndum. Það blómstur gæti eins orðið að stórum skógi.<sup>42</sup>

Ég hef alla tíð haft gaman af því að gera eitthvað í höndunum og fundið sjálfstyrk minn þar frekar en í bóklegum fögum. Ég varð ekki læs fyrr enn ég þrælaði mér í gegn um „Fimm á flóttu“ 9 ára gömul til að verða umræðuhæf. Þessi reynsla varð til þess að ég taldi mig ekki til þess fallna að stunda langskólanám þrátt fyrir ágætis einkunnir öðrum greinum. Ég þrjónaði mína fyrstu peysu 9 ára gömul og notaði hana þar til ég óx upp úr henni. Ég fór í Verknámið í Brautarholti þar sem lögð var meiri áhersla á handmennt en í öðrum gagnfræðaskólum. Seinna þótti það nám einhverra hluta vegna ekki nægilegt sem undirbúningur í Handavinnukennaraskólann.

Í Svíþjóð, þar sem ég bjó í 9 ár þar til ég flutti heim fyrir 20 árum, lærði ég vefnað og fór á fjölda mörg námskeið þar sem kenndur var hefðbundinn heimilisiðnaður. Svíar virða heimilisiðnað sinn, sænska heimilisiðnaðarfélagið hefur deildir í öllum sýslum og einn af þingmönnum landsins veitir því formennsku. Heimilisiðnaðarráðgjafar eru í hverri sýslu sem þjóna bæði kennurum og handverksfólkinu á svæðinu og aðstoðar það á allan hátt með faglegri og efnahagslegri ráðgjöf. Þessir heimilisiðnaðarráðgjafar vinna í sameiningu að hinum ýmsu verkefnum á landsvísu. Má þar nefna stóra sýningu sem sett er upp á nokkurra ára fresti með miklum undirbúningi og kostnaði. Á sýningunni árið 1998, *Slöjden är här. Slöjden är härlig!* sem haldin var í Liljevalchs listasafninu í Stokkhólmi, lýstu salirnir af litum, formi og þjóðlegri fegurð. Sænski heimilisiðnaðurinn bauð upp á ómótstæðilega rapsódíju af þjóðbúningum og hefðin sló tóninn. Gesturinn var leiddur gegnum dansinn, hefðir lífsins, húsgarðinn og annað það sem fagrir nytjamunir og forgengileg djásn mæta honum. Handverksfólk, heimilisiðnaðarráðgjafar, unglingar og áhugafólk frá öllu landinu unna við undirbúning í rúm tvö ár. Allt sumarið var boðið upp á dagskrá með mismunandi þema fyrir hverja viku fyrir sig. Sýningin sýndi heimilisiðnaðinn frá nýju sjónarhorni, tengingu hans við nútímann til hversdags og hátíða. Hvatningin fólst í að nota heimilisiðnaðinn til þarfa í dagsins. Virðing fyrir handverksmenningu þjóðarinnar var alger og

---

<sup>42</sup> Hildur Hákonardóttir 1996:20

gleðin skein frá hverjum hlut.<sup>43</sup> Að sýningunni kom meðal annars Kristin Boström heimilisiðnaðarráðgjafi barna og unglunga í allri Svíþjóð. Hún skipulagði verkefni með unglungum sem þeir höfðu unnið að þessi 2 ár sem undirbúningurinn hafði tekið. Þeir höfðu samið leikþátt og búið til leikmynd og muni, þetta var sýning með rætur djúft í sögu þjóðarinnar. Eitt af því fyrsta sem Kristin gerði eftir að hún fékk stöðuna sem heimilisiðnaðarráðgjafi barna og unglunga var að leita eftir samvinnu við Ísland. Hún kom til Akureyrar og hitti ráðamenn skólanna þar og Íþrótt- og tómstundaráðs á Akureyri auk þess sem hún hafði samband við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Hún hélt fyrirlestur í Dynheimum þar sem hún sagði frá starfi sínu með börn og unglunga og áhuga hennar á að stofna til samstarfs við íslenska unglunga. En það varð ekkert af frekari samvinnu þar sem enginn áhugi virtist vera fyrir henni hér á landi.

Þá skipulögðu Svíar „Slöjdtáget“, verkefni fyrir börn sem fólst í því að lest full af handverki keyrði um alla Svíþjóð í nokkur ár og síðan einnig um nágrannalöndin. Meðal annars voru í lestinni handverkssýningar og verkstæði. Þangað sóttu kennarar með nemendur sína til að vinna að handverki og fræðast. Í dag keyrir „Slöjdbussen“ um í Stokkhólmi og kennir börnum handverk. Á mörgum bæjum eru Handverkshús þar sem námskeið eru haldin fyrir almenning, en einnig kennara og skólabörn.

Slöjð Cirkus var hugmynd sem sett var fram árið 2001 og á þriggja ára tímabili 2004-2006 gekk sem alþjóðlegt verkefni um barnamenningu. Þar átti Svenska Hemslöjdsföreningarnas Riksförbund að þróa uppeldisfræðilegt og skapandi verkefni fyrir börn í samvinnu við tónlist og leikræna tjáningu. Um leið voru leiðbeinendur þjálfaðir faglega um allt landið til að skipuleggja og sjá um alla „Slöjðklúbbana“ sem stofnaðir voru eftir að Cirkusinn hafði verið á staðnum. Í Slöjðcirkus gekk vinnan út á að uppgötva og skoða.

Megintilgangur verkefnisins var:

- Slöjðcirkus er þvermenningarlegt verkefni sem hefst á mótum forns heimilisiðnaðar, leikrænnar tjáningar og tónlistarinnar.
- Slöjðcirkus er rými fyrir listrænan námsferil.<sup>44</sup>

Í bæklingi sem gefin var út á vegum rannsóknar um Slöjðcirkus skrifar Kristín Boström að sýna eigi börnunum hvað þau geti gert í handverki, að með þjálfun líkamans geti þau náð þeim árangri sem þau vilja. Þegar unnið sé með handverk á þann hátt sem gert sé í heimilisiðnaðinum þá sé allur líkaminn notaður og þau læri að nota verkfæri sem gefi þeim

<sup>43</sup> Nordenstedt, C. 1998:3

<sup>44</sup> Boström, K. 2008: 92

sjálfstraust. Þau kenni börnunum um handverkið og innblásturinn, sem hægt sé að tvinna saman við leikræna tjáningu og tónlist.

„Heimilisiðnaðurinn hefur sterk listræn gildi. Á þjóðlegan hátt hefur maður skreytt, málað og fegrað. Börn eru hóflega áhugasöm af geirnelgdum kistuhornum og áttthagasaumuðum dúkum í sýningarkössum safnanna. Börn hafa áhuga af því að leika sér og af því að nota líkama sinn, hreyfa sig, yfirvinna sjálfa sig, vaxa og að verða hæfari. Þess vegna gerum við Slöjdcirkus fyrir börnin. Fyrir þá fullorðnu í kringum börnin gerum við Slöjdcirkus sem hugmyndauppsprettu.“<sup>45</sup>

Barna hafa Svíarnir gert handverkið að spennandi leik, þar sem gleðin og sköpunin fær að ráða ferðinni. Með því vonast þeir til að ná betur til barna og kveikja hjá þeim áhuga á að gera handverkið að sínu.

Heimilisiðnaður er hluti af menningararfinum og hefur í kynslóðir haldið sínu hefðbundna formi. Vinnan með börnin gekk út á „eigin uppeldisfræði“ heimilisiðnaðarins sem hefðbundið byggir á að taka eftir og herma. Gat eftirlíkingin sjálf haft eitthvað að gera með þekkinguna um menningararfinn? Börn læra sjálf með því að herma eftir, það er háttur þeirra. Fyrir eldri börnin í Slöjdcirkus, 7-14 ára, gaf eftirlíkingin þeim rými til að beina athyglinni að höndunum, verkfærunum og efninu og þau gátu látið hugmyndaflugið flæða. Þetta varð til þess að börnin gátu fljótt byrjað vinnu sína á verkstæðunum. Hin fornu vinnubrögð og hin nýja handverkskunnátta mætast og börnin finna þá tilfinningu að þau hefðu kennt sjálfum sér.

46

Sú séríslenska heimilisiðnaðarhefð sem ekki hefur enn rofnað, er laufabrauðsgerðin, en elsta heimild um gerð laufabrauðs er frá 1735.<sup>47</sup> Fjölskyldur og vinir koma saman í mánuðinum fyrir jól og skera út og steikja. Hefur sérstök munsturgerð varðveist og þróast í sérhverri fjölskyldu og þar nýtur hver einstaklingur þess að taka þátt í að viðhalda hefðinni og skapa sitt eigið sérstaka listaverk sem nærir sál og líkama.

„Laufabrauðskurðurinn gaf alþýðunni tækifæri til að reyna á hagleik og listfengi og var laufabrauðsdagurinn jafnan tilhlökkunarefni.“<sup>48</sup> Þessu segir Huguína Ívarsdóttir frá í bæklingi sem hún gaf út um laufabrauðið fyrir nokkrum árum en hún hefur í árabíl safnað upplýsingum um laufabrauðsmunstur með því að standa fyrir almennum laufabrauðsdegi í

---

<sup>45</sup> Boström, K. 2006: 3

<sup>46</sup> Boström, K. 2008:93

<sup>47</sup> Elsa E.Guðjónsson 2002:4

<sup>48</sup> Huguína Ívarsdóttir

byrjun aðventu. Þar er sönnun þess að listfengi heimilisiðnaðarins lifir enn í sinni fullkomnustu mynd og aðalatriðið er ferlið.

Menningarlegt efni og handgerðir hlutir spila stöðugt hlutverk í myndun sjálfsmyndar okkar. Munir sem ég hef í kring um mig, þeir sem ég hef sjálf gert eða fengið frá öðrum, er gerðu þá, eru hluti af sögu minni, segir Marianne Horsdal lektor í Syddansk Universitet. Hún segir að hinn skapandi leikur, frásögnin, listin, handavinnan o.s.frv. séu ekki hlutlæg og heldur ekki óhlutlæg, þau séu bæði. Þau séu og verði til í menningarlegu rými milli fólks. Þau byggja á sambandinu milli hugar og líkama og félagslegum tjáskiptum.<sup>49</sup>

Rannsóknin sem Marianne gerði um lífsfrásagnir og kennslu hefur sýnt fram á jákvætt félagslegt samband, sem seinna veitir gleðitilfinningu, eins og listsköpun almennt. Jákvæðar minningar frá yngri árum af þægilegum samverustundum, til dæmis með fjölskyldunni þar sem barnið lærði að tálga flautu eða flétta, verður til þess að það verður léttara að byrja samskonar verkefni seinna í lífinu og styrki nemanda í áframhaldandi námi í hópi þar sem einstaklingurinn gæti annars fundið fyrir minnimáttakend og óöryggi ef minningarnar hefðu verið neikvæðar. Að geta skapað einhvern hlut og glatt aðra sem einnig þora að leita að nýjum upplifunum gefa hinni myndrænu lífsfrásögn nýtt sjónarhorn.<sup>50</sup> Þessi rannsókn undirstrikar mikilvægi þess að börn og fullorðnir geri eitthvað saman eins og laufabrauðsskurð eða taki þátt í verkefni í líkingu við Slöjdcirkus.

## Niðurlag

Það er ljóst að hinn þjóðlegi arfur er mikilvægur fyrir hverja þjóð, hvort sem það er arfur huga eða handa. Það virðist sem hinn almenni áhugi á heimilisiðnaðinum hafi dalað við iðnbyltinguna en einnig seinna þegar það hætti að borga sig að vinna fatnaðinn heima og fólk gat keypt ódýrara út úr búð. Verndunarsjónarmiðið og það að handverkssköpunin væri mannbætandi virðist ekki hafa verið í inni í myndinni. Aðalástæðan fyrir uppgangi handverksins á seinni hluta 20. aldar virðist hafa verið eingöngu til að auka atvinnutækifæri, aðallega til að auðvelda konum í sveitum landsins að gera solumuni fyrir ferðamenn. Þó fyrirfinnst fólk í dag sem hefur áhyggjur af því að mikilvæg menningarverðmæti séu að hverfa og þegar lesnar eru greinar þeirra Halldóru Bjarnadóttur og Jóns Sigurðarssonar, þá

---

<sup>49</sup> Horsdal, M. 2002:66

<sup>50</sup> Horsdal, M. 2002:66



gætu þær að mörgu leyti verið nýskrifaðar. Þau hafa áhyggjur af því að ef fólk tapi rótum sínum og gleymi heimilisiðnaðarmenningu þjóðarinnar fari ekki vel.

Lífið verður innihaldssnaðara er tengslin milli kynslóða slitna segir Marianne Horsdal er hún talar um mikilvægi þess að viðhalda lífsfrásögninni. Það sé nauðsynlegt að hinir eldri kenni hinum yngri því þá verði hindranir framtíðarinnar ekki eins erfiðar. Að kenna börnum með því að vera fyrirmynd hlýtur að vera það eðlilegasta þar sem það er lífið í sinni raunverulegustu mynd og börnin fá að vera þátttakendur. Rannsóknir sýna fram á mikilvægi heimilisiðnaðarins á öllum aldurstigum. Svíar hafa haldið vel í heimilisiðnaðarhefðina enda er í Svíþjóð djúpur skilningur á vægi þess að viðhalda þeirri þekkingu sem þróast hefur um aldir. Þeir stunda rannsóknir á hinum ýmsu sviðum heimilisiðnaðarins og leggja mikið á sig til að viðhalda þekkingu á aðferðum og efni.

Athyglisverð er vinna þeirra með börn og unglinga þar sem börnum er kennt, í samvinnu við leikræna tjáningu og tónlist, að vinna muni úr tré og textíl. Þar tala börnin um að ferlið hafi verið það sem þeim þótti skemmtilegast. Á Íslandi höfum við frumkvöðlana Guðmund Magnússon og Ólaf Oddson sem skipulögðu verkefnið *Lesið í skóginn - tálgað í tré*, verkefni sem hefur verið tekið upp í nokkrum skólum á landinu.

Hinn mikli fjöldi gesta á handverkssýningum sem haldnar hafa verið ár hvert í Eyjafirði og Reykjavík frá 1992 sanna að þrátt fyrir að handverkskunnáttan hafi dalað þá sé áhuginn gríðarlega mikill og ætti að vera hvatning til stjórnvalda að bæta kennslu handverks á allri landsbyggðinni.

Halldóra Bjarnadóttir átti sér þann draum að hinni fornu handverksmenningu yrði viðhaldið hér á landi með því að menntastofnanir sæju um að kenna handavinnu um land allt. Hún var ötull safnari muna sem hún taldi að ættu að varveitast fyrir komandi kynslóðir og hefur þeim verið komið fyrir á Blönduósi.

Í Aðalnámskránni stendur að vernda eigi verkmenningararfinn því hann feli ekki aðeins í sér tækni og aðferðir heldur einnig fagurfræði sem er tungumál manngerðs umhverfis. Þar stendur einnig að verkmenningararfurinn sé uppspretta gleði og lífsfyllingar fyrir einstaklinginn. Árpúsundaþróun og rótgrónum hefðum beri að skila til komandi kynslóða svo þær glattist ekki.

Það færi vel ef námskránni væri fylgt eftir.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá Grunnskóla* (1999). Menntamálaráðuneytið.

Björn Th. Björnsson (Ritstj.) (1979). *Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1939-1979*.  
Reykjavík: Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

Borg, K. & Lindström, L. (2008). *Slöjda för livet*. Stockholm: Författarna och  
Läraryrkeförbundet förlag.

Boström, K. Slöjdcirkus projektledare vision om Slöjdcirkus (2006). Í Arnqvist, F. (Ritstj.),  
*Slöjdcirkus - att iscensätta ett estetiskt lärande- sammanfattande forskningsrön om  
Slöjdsirkus* (bls. 3). Gautaborg: Författarna och Nämnden för hemslöjdsfrågor.

Bragi Ásgeirsson (1996). Líf í Lundúnum. *Morgunblaðið*, 26. september.

Dewey, J. (1938). Áform og markmið (Gunnar Ragnarsson þýddi). Í Dewey, J., *Reynsla og  
menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ejlers, C. (1999). *Ælfagyva og andra gåder i Bayeux-tapetet*. Kaupmannahöfn: Christian  
Ejlers' forlag.

Elsa E. Guðjónsson (2002). *Um laufabrauð*. Kópavogur: Elsa E. Guðjónsson.

Gardberg, B. (1996). Um listiðnað (Heimir Pálsson þýddi). Í Daníel Ólafsson og Þór Ingi  
Daníelsson (Ritstj.), *Handverk* (bls.35–38). Reykjavík: Samnorræn handverkssýning.

Grimstad Klepp, I. (2001). Hvordan lære å sy og strikke? Norsk händarbeidsundervisning  
metode sett i forhold til dets mål og mening 1889-1998. Í C. Nygren-Landgärds og J.  
Peltonen (Ritstj.), *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik* (bls. 42). Vasa: Nordisk  
Forum för Forskning och Utveklingsarbete inom utbildning i slöjd.

Guðmundur Þorsteinsson (1990). *Horfnir starfshættir*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Halldóra Bjarnadóttir (1919). *Framtíð heimilisiðnaðarins á Íslandi*. Reykjavík: Prentsmiðjan  
Gutenberg.

Halldóra Bjarnadóttir (MCMXLVIII). Formáli útgefanda. Í Sigrún P. Blöndal (Ritstj.),  
*Vefnaðarbók* (bls. 7). Akureyri: Ársritið Hlín.

Hildur Hákonardóttir (1996). Handverksmaðurinn. Í Daníel Ólafsson og Þór Ingi Daníelsson  
(Ritstj.), *Handverk* (bls.17–20.). Reykjavík: Samnorræn handverkssýning.

Hougen, B. (2006). *Osebergfunnet 15*. Oslo: Kulturhistoriska Museum og Universitetet i  
Oslo.

Hugrún Ívarsdóttir, (2006). *Munstruð munngæti*. Akureyri; Hugrún Ívarsdóttir

- Jón G. Sigurðarsson (MCMXXIII). *Heimilisiðnaðarmál*. Akureyri: Prentsmiðja Odds Björnssonar.
- Jón Torfi Jónsson (1996). Um gildi verk- og listgreina í almennri menntun. Í Daníel Ólason (Ritstj.), *Handverk* (bls.13). Reykjavík: Samnorræn Handverksýning.
- Lund, A. (2001). Andlig fattigdom eller livskvalitet? - ett slöjdpedagogiskt perspektiv. Í C. Nygren Landgårds og J. Peltinen (Ritstj.). *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik*. (bls. 283–293.). Vasa: Nordisk Forum för Forskning och Utvecklingsarbete inom utbildning i slöjd.
- Nordenstedt, C. (1998). *Slöjden är här. Slöjden är härlig!* Stockholm: Kultur- och Idrottsförvaltningen
- Räisänen, R. (2002) Environmental and Consumer Aspects. Í J. Kärnä-Behm og K. Salo-Mattila (Ritstj.). *Current themes in craft research. Research in sloyd education and craft science* (bls.76). Vasa: Nordic Forum for Research and Development in Craft and Design.
- Sigfús Blöndal og Sigurður Sigtryggsson (1929). *Myndir úr menningarsögu Íslands á liðnum öldum, X*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Sigrún Pálsdóttir (1996). William Morris. *Morgunblaðið*, 15. júní.
- Símon Jóhannsson og Bryndís Sverrisdóttir (1990). *Bernskan*. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
- Suojanen, U. (2001) Hållbar utveckling ur slöjdpedagogisk synvinkel. Presentation av holistisk modell av hållbar utveckling samt en livscykel- och värdekedjeanalys av slöjdprodukter. Í C. Nygren Landgårds og J. Peltinen (Ritstj.). *Visioner om slöjd och slöjdpedagogik* (bls. 392). Vasa: Nordisk Forum för Forskning och Utvecklingsarbete inom utbildning i slöjd.
- Thorbjörnsson, H. (1992), *Slöjd och lek på Nääs en bildkrönika om ett kulturarv*. Helsingborg: OrdBildarna AB.
- Wilson, D. (2004). *Bayeux Tapestry*. London: Thames & Hudson.

### Heimildir af veraldarvef

- Bauhaus Dessau, *Bauhaus 1919-1933*. Sótt 11. október 2008 á: <http://www.bauhaus-dessau.de/index.php?en>
- Henry van de Velde, *Architecture*. Sótt 30. nóvember 2008 á: [http://www.henry-van-de-velde.com/3/Architecture\\_by\\_van\\_de\\_Velde.htm](http://www.henry-van-de-velde.com/3/Architecture_by_van_de_Velde.htm)
- Handverk og hönnun (2008). *Handverk – reyngluverkefni 1994-1996 og Handverk & Hönnun 1996 -1999*. Sótt 13. nóvember 2008 á:

[http://www.handverkoghonnun.is/default.asp?sid\\_id=18194&tre\\_rod=001%7C002%7C006%7C&td=](http://www.handverkoghonnun.is/default.asp?sid_id=18194&tre_rod=001%7C002%7C006%7C&td=)

Listaháskóli Íslands. *Skólinn*. Sótt 21. nóvember 2008 á: <http://lhi.is/skolinn/>

Listaháskóli Íslands. *Skólinn*. Sótt 28. nóvember 2008 á: <http://lhi.is/skolinn/>

Námsháskólinn (2008) *Lesið í skóginn*.

[http://www.timbur.is/Lesid\\_i\\_skoginn/Lesid\\_i\\_skoginn\\_1.htm](http://www.timbur.is/Lesid_i_skoginn/Lesid_i_skoginn_1.htm).

Thorvaldsensfélagið (2008). *Fyrstu starfsárin*. Sótt 21. nóvember 2008. á:

<http://www.thorvaldsens.is/page.php?idlink=13>.